

## **D Ó M U R**

**Héraðsdóms Reykjaness miðvikudaginn 12. apríl 2006 í máli nr. S-190/2006:**

### **Ákærvaldið**

*(Sigríður J. Friðjónsdóttir saksóknari)*

### **gegn**

#### **Helga Guðmundssyni**

*(Guðmundur Óli Björgvinsson hdl.)*

#### **Tindi Jónssyni**

*(Jóhannes Rúnar Jóhannsson hrl.)*

#### **Þórði Kárasyni**

*(Jón Egilsson hdl.)*

#### **Árna Þór Skúlasyni**

*(Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir hdl.)*

#### **Helga Mar Finnbogasyni**

*(Guðmundur Ágústsson hdl.)*

#### **Þorsteini Pálssyni**

*(Hilmar Magnússon hrl.)*

Mál þetta var þingfest 23. febrúar 2006 og tekið til dóms 10. apríl sl. Það er höfðað með þremur ákærum ríkissaksóknara, öllum dagsettum 31. janúar 2006. Framhaldsákæra er dagsett 10. febrúar 2006.

### **1. Ákæra gegn Tindi Jónssyni.**

Ákæran er gegn Tindi Jónssyni, kt. 000000-0000, Sunnuflöt 39, Garðabæ, „fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 21. ágúst 2005, í Hafnarstræti í Reykjavík, ráðist að Gunnari Lúðvík Nelson, kennitala 000000-0000, og slegið hann írtekað í höfuð og líkama með vopni sem á

voru einn eða fleiri gaddar. Við þetta hlaut Gunnar Lúðvík allmörg punktsár á herðum og brjóstbaki, punktsár á vinstri axlarhyrnu, hruflsár á vinstri öxl, tvö punktsár á vinstri kinn, skurðsár á hálsi og kúlu á höfði.

Telst þetta varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Af hálfu Gunnars Lúðvíks Nelson er krafist miskabóta að fjárhæð kr. 700.000 auk dráttarvaxta frá 21. september 2005 til greiðsludags og greiðslu lögfræðikostnaðar kr. 124.500.“

## **2. Ákæra gegn Árna Þór Skúlasyni, Helga Mar Finnbogasyni, Tindi Jónssyni og Þorsteini Pálssyni.**

Ákæran er gegn Árna Þór Skúlasyni, kt. 000000-0000, Helga Mar Finnbogasyni, kt. 000000-0000, Tindi Jónssyni, kt. 000000-0000 og Þorsteini Pálssyni, kt. 000000-0000, „fyrir líkamsárásir á útivistarsvæði við Lyngmóa, Garðabæ, að kvöldi föstudagsins 13. maí 2005:

1. Gegn ákærða Helga Mar fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás með því að hafa slegið Kristjönu Fj. Sigursteinsdóttur, kennitala 000000-0000, í andlitið með glerflösku með þeim afleiðingum að hún hlaut mar á vinstra kinnbeini.

Telst þetta varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981.

2. Gegn ákærðu öllum með því að hafa við fimmta mann ráðist að Herði Harðarsyni, kennitala 000000-0000, slegið hann í höfuð svo hann féll í jörðina og fyrir að hafa sparkað í höfuð hans og líkama þar sem hann lá í jörðinni. Við þetta kvarnaðist úr framtönn í neðri gómi Harðar og hann hlaut mar á vinstra augnloki, hruflsár á báðum olnbogum, sár, bólgu og mar innanvert á neðri vör, blæðingu við augntönn í neðri gómi, rispu hægra megin á brjóstakassa og rispur yfir hægri úlnlið.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar.“

## **3. Ákæra gegn Helga Guðmundssyni, Tindi Jónssyni og Þórði Kárasyni.**

Ákæran er gegn Helga Guðmundssyni, kt. 000000-0000 og Þórði Kárasyni, kt. 000000-0000, „fyrir eftirgreind hegningarlaga- og sérrefsilagabrot framin í Bæjargili í Garðabæ, aðfaranótt sunnudagsins 2. október 2005, nema annað sé tekið fram:

## I.

1. Gegn ákærða Helga fyrir líkamsárás með því að hafa, innan dyra að Bæjargili 63, kýlt Kjartan Inga Árnason, kennitala 000000-0000, með krepptum hnefa í andlitið svo af hlaust hrúfl og bólga yfir vinstra kinnbeini.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981.

2. Gegn ákærða Tindi fyrir fyrir hótanir með því að hafa dregið upp stóran hníf eða sveðju og otað vopninu ítrekað að Kjartani Inga þar sem hann var staddur í anddyri Bæjargils 63, og var þessi háttsemi til þess fallin að vekja hjá Kjartani Inga ótta um líf sitt og heilbrigði.

Telst þetta varða við 233. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

3. Gegn ákærðu öllum með því að hafa við hringtorg við enda Bæjargils ráðist að Kjartani Inga. Ákærði Þórður tók hann hálstaki og snéri niður og ákærðu spörkuðu allir í Kjartan þar sem hann lá í götunni. Við þetta hlaut Kjartan Ingi skurð á vinstri augabrún, rispu á baki og í handarkrika vinstra megin, hrúfl á vinstri og hægri öxl og mar þar í kring, rispur og skurð á hægri olnboga.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981.

## II.

Gegn ákærða Tindi:

4. Fyrir tilraun til manndráps með því að hafa við Bæjargil 37 ráðist að Einari Ágústi Magnússyni, kennitala 000000-0000, vopnaður stórum hnífi eða sveðju og höggvið ítrekað í höfuð hans og líkama með þeim afleiðingum að Einar Ágúst hlaut tvo langa og djúpa skurði á höfði, annan á hvirfli hægra megin og hinn á hnakka vinstra megin, sprungur í höfuðkúpu í botni sáranna og blæðingu á yfirborði heilans, grunnan skurð í hnakkagróf, tvær grunnar rispur á hægri upphandlegg, tvær rispur á baki og mikinn skurð á hægri hendi sem náði frá grunnlið vísifingurs upp undir liðamótin á milli handarkjúku I og II og voru í sundur vöðvar, taugar og slagæðar í hendinni.

Telst þetta varða við 211. gr., sbr. 20. gr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

5. Fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás með því að hafa veitt Arnari Snorra Gíslasyni, kennitala 000000-0000, högg með stórum hnífi eða sveðju er hann reyndi að verja Einar Ágúst fyrir atlögu ákærða sem lýst er í ákærulið 4. Við þetta hlaut Arnar Snorri rispu á vinstra brjósti, skurðsár á löngutöng og vísifingri og skurð á nögl á baugfingri vinstri handar.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

6. Fyrir fíkniefnalagabrot og vopnalagabrot með því að hafa haft í vörslum sínum á heimili sínu 0,28 g af tóbaksblönduðu hassi og fyrir að hafa átt og haft í vörslum sínum svokallaðan „butterfly” hníf, en lögregla haldlagði fíkniefnin og hnífinn við leit á heimili ákærða og í bifreiðinni NH-300, 6. október 2005.

Telst þetta varða við 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni, sbr. lög nr. 13/1985 og lög nr. 68/2001 og 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitskyld efni nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 490/2001 og reglugerð nr. 848/2002, og b-lið 2. mgr. 30. gr., sbr. 36. gr., vopnalaga nr. 16/1998.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og ákærða Tindi verði gert að sæta upptöku á 0,28 g af tóbaksblönduðu hassi samkvæmt 6. mgr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitskyld efni og „butterfly” hníf samkvæmt 1. mgr. 37. gr. vopnalaga.

Kjartan Ingi Árnason krefst miskabóta að fjárhæð kr. 500.000 auk vaxta og dráttarvaxta skv. vaxtalögum nr. 38/2001 frá 2. október 2005 til greiðsludags og greiðslu kostnaðar vegna lögmannsaðstoðar.

Einar Ágúst Magnússon krefst skaða- og miskabóta að fjárhæð kr. 995.704 auk vaxta og dráttarvaxta skv. vaxtalögum nr. 38/2001 frá 2. október 2005 til greiðsludags.“

Með framhaldsákæru 10. febrúar 2006 leiðrétti saksóknari ritvillu í 5. tl. síðastgreindu ákærunnar þar sem segir: „... 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940...” Þar eigi að standa: „2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.“ Af hálfu ákærða Tinds var því mótmælt að framhaldsákæran kæmist að í málinu. Ekki þykja efni til þess að taka þá kröfu ákærða til greina.

Við aðalmeðferð féll saksóknari frá því, varðandi 1. ákæru þar sem ákærði Tindur er einn ákærður, að kúla á höfði kærandans Gunnars Lúðvíks Nelson væri af völdum ákærða Tinds. Varðandi 2. ákæru, lið 2, þar sem ákærðu Tindur, Þorsteinn, Helgi Mar og Árni Þór eru ákærðir fyrir að ráðast að Herði Harðarsyni við fimmta mann, féll saksóknari frá þeirri málavaxtalýsingu að árásarmennirnir hafi verið fimm að tölu.

Allir ákærðu hafa neitað sök nema ákærði Tindur hefur játað brot gegn fíkniefna- og vopnalögum, sbr. 6. tl. 3. ákæra.

Varðandi 1. ákæru krefst ákærði Tindur aðallega að hann verði sýknaður, til vara að refsing verði felld niður og til þrautavara að dæmd verði vægust refsing er lög leyfa. Hann krefst þess aðallega að bótakröfu verið vísað frá dómi en til vara að hún verði lækkuð verulega. Málsvarnarlauna er krafist. Varðandi 2. ákæru krefst ákærði Tindur þess aðallega að hann verði sýknaður, til vara að refsing verði felld

niður og til þrautavara að dæmd verði vægust refsing. Þess er krafist að gæsluvarðhaldsvist komi til frádráttar. Málsvarnarlauna er krafist. Varðandi 3. ákæru krefst ákærði þess að hann verði dæmdur í vægustu refsingu og gæsluvarðhaldsvist komi til frádráttar. Bótakröfu Einars Ágústs Magnússonar er ekki mótmælt en fjárhæð lögð í mat dómsins. Þess er krafist að bótakröfu Kjartans Inga Árnasonar verði vísað frá dómi en til var að hún verði lækkuð verulega. Málsvarnarlauna er krafist. Ákærði krefst sýknu af 2. og 3. tl. þessarar ákæru.

Aðrir ákærðu krefjast aðallega sýknu en til vara vægustu refsingar og málsvarnarlauna. Þeir krefjast þess að bótakröfum verði vísað frá dómi en til vara að þær verði lækkaðar. Ákærðu Þórður og Helgi Guðmundsson krefjast þess einnig að gæsluvarðhaldsvist þeirra komi til frádráttar refsingu.

Ákærði Tindur Jónsson hefur setið í gæsluvarðhaldi frá 2. október 2005. Ákærðu Helgi Guðmundsson og Þórður Kárasón sátu í gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar málsins frá 2. til 5. október 2005.

## 1. Ákæra gegn Tindi Jónssyni.

### Málavextir.

Í þessari ákæru er ákærði Tindur Jónsson ákærður fyrir hættulega líkamsárás með því að hafa á svokallaðri menningarnótt í Reykjavík, aðfaranótt sunnudagsins 21. ágúst 2005, í Hafnarstræti í Reykjavík ráðist að Gunnari Lúðvík Nelson og slegið hann ítrekað í höfuð og líkama með vopni sem á voru einn eða fleiri gaddar.

Þann 21. ágúst 2005 kl. 01:20 var lögreglubifreið staðsett á bifreiðastæði gegnt Pósthússtræti í Reykjavík. Kom þá kærandi Gunnar Lúðvík Nelson til lögreglunnar og kvaðst hafa orðið fyrir hnífsstungu. Í frumskýrslu lögreglu segir að kærandi hafi sagt lögreglu að hann hafi verið staddur við veitingastaðinn Pizzahornið í Hafnarstræti ásamt fleiri vinum sínum. Hafi hann verið á tali við drengi úr Garðabæ þegar hann hafi skyndilega verið sleginn með flösku í höfuðið. Hann hafi slegið gerandann í andlitið og við það hafi brotist út slagsmál. Kvaðst kærandi þekkja ákærða Tind í sjón og hafi ákærði Tindur stungið hann með hnífi eða einhverju öðru oddhvössu í bak og háls.

Kærandi fór á Landspítala-háskólasjúkrahús í Fossvogi og segir í vottorði læknis að hann hafi verið með allmörg punktsár á baki, bæði uppi á herðum, það er að segja yfir herðablöðum sitthvoru megin og niður á mitt brjóstbak. Segir í vottorðinu að þetta séu grunn eins til tveggja millimetra punktsár eins og eitthvað verkfæri hafi rétt gatað húðina. Sárin séu þó alveg í gegnum húð. Á vinstri axlarhyrnu sé svipað punktsár en það sé örlítið stærra eða dýpra, hugsanlega eftir harðara högg. Á hálsi rétt yfir vöðvanum neðan og framan við vinstra eyra sé sár um einn og hálfan sentimetra langt sem virðist vera eftir sama verkfæri sem hafi þá skorið en ekki stungið. Þetta sár sé í gegnum húðina um einn og hálfan sentimeter að lengd. Þá hafi kærandi verið með kúlu á höfði sem virtist vera eftir högg. Í vottorðinu segir jafnframt að sárið á hálsinum hafi verið deyft og saumað með þrem til fjórum sporum og sett eitt spor í stærsta sárið á öxlinni.

Hjá lögreglu og fyrir dómi skýrði kærandi Gunnar svo frá að upphaf málsins hafi verið að vinur hans, Magnús að nafni, hafi verið sleginn í höfuðið umrætt kvöld með þeim afleiðingum að flytja hafi þurft hann á slysadeild. Kærandi kvaðst hafa frétt að það hafi verið hópur stráka úr Garðabænum sem hafi ráðist að Magnúsi og hafi ákærði Tindur Jónsson verið nefndur í því sambandi. Nokkru síðar kvaðst Gunnar hafa verið staddir á Lækjartorgi ásamt Kristófer Ólafssyni, Trausta Eiríkssyni og Andra Má Sigurðssyni. Þá hafi þeir séð hóp stráka sem þeir hafi talið að hafi ráðist að Magnúsi. Þeir hafi ákveðið að fara og ræða við þá og voru þeir þá staddir í sundinu á milli Lækjartorgs og Hafnarstrætis. Í fyrstu hafi komið til rifrildis en síðan hafi allir verið orðnir rólegir þegar einn úr hópi Garðbæinga hafi skyndilega slegið hann með glerflösku aftan á höfuðið með þeim afleiðingum að hún hafi brotnað. Kærandi kvaðst hafa vankast við höggið en eftir að hann hafi jafnað sig hafi hann gengið að stráknum sem hafi slegið hann og slegið hann vinstra megin á vangann. Við það hafi strákahópurinn úr Garðabænum, sem hafi verið um 20 manns, ráðist að honum með höggum og spörkum.

Kærandi kvaðst hafa reynt að komast undan og hafi átökin borist yfir Hafnarstrætið og inn í sund sem liggur meðfram Rammagerðinni og yfir á bifreiðastæði norðan Hafnarstrætis en þar hafi hann losnað undan strákunum. Eftir að þetta hafi gengið yfir hafi vinur hans, Kristófer, Trausti og Andri sagt honum að Tindur hafi verið með hníf og verið að stinga hann í bakið með honum. Þá kveðst hann hafa gert sér grein fyrir því að hann hafi allur verið blóðugur og með stungur og skurði hér og þar á líkamanum. Gunnar kvaðst hafa í eitt skipti litið upp meðan stákarnir hafi gengið í skrokk á honum og þá séð Tind halda á einhverju í hendinni sem hann gat ekki gert sér grein fyrir hvað var.

Ákærði Tindur kvaðst ekkert kannast við þessi slagsmál og hafi hann ekki tekið þátt í þeim. Hann kvaðst hafa farið í bæinn á menningarnótt í Reykjavík ásamt tveimur félögum sínum, þeim Bjarka Ólafssyni og Ragnari Sverrissyni. Hafi þeir verið saman allan tímann og staldrað við í um það bil eina klukkustund og farið síðan heim í Garðabæ.

Andri Már Sigurðsson sagði hjá lögreglu að upphaf slagsmálanna hafi verið að vinur hans, kærandi Gunnar, hafi verið sleginn í höfuðið með flösku af einhverjum úr Garðbæingahópnum. Við það hafi brotist út slagsmál. Garðbæingarnir hafi verið miklu fleiri. Hann hafi séð að fjórir eða fimm strákar hafi verið að berja á Gunnari en að öðru leyti hafi hann ekki séð árásinu á Gunnar þar sem hann hafi haft fullt í fangi með að verjast sjálfur. Þegar allt hafi verið orðið rólegt hafi þeir félagarnir farið að athuga með sár á Gunnari og þá séð stungusár á honum. Einn félagi hafi ekið Gunnari á slysadeild. Andri Már gaf ekki skýrslu fyrir dómi.

Kristófer Ólafsson sagði hjá lögreglu og fyrir dómi að hann hafi verið að skemmta sér umrætt kvöld ásamt vinum sínum, Gunnari, Trausta og Andra. Hann hafi ekki neytt áfengis þetta kvöld. Hann kvaðst hafa séð Gunnar vera að ræða við einhvern strák úr Garðbæingahópnum. Þá hafi einhver lágvaxinn strákur gengið að Gunnari og lamið hann í höfuðið með glerflösku sem hafi brotnað við höggið. Hann kvað Gunnar hafa vankast við höggið en síðan gengið að stráknum og kýlt hann einu höggi. Við það hafi allt orðið brjáláð. Um 20 strákar úr Garðbæingahópnum hafi ráðist allir í einu að Gunnari. Hann kvaðst hafa reynt ásamt Trausta að ýta strákunum frá Gunnari en vonlaust hafi verið að slást við þennan hóp því hann hafi

verið svo fjölmennur. Kristófer kvaðst hafa séð Tind koma aftan að Gunnari og stinga Gunnar í bakið með einhverju sem Kristófer gat ekki gert sér grein fyrir hvað var. Sá hann að Tindur reiddi hendina upp til höggs og barði svo niður eða hjó í bakið á Gunnari og fannst honum sem ákærði Tindur væri að stinga hann með hnífi. Hann kvaðst hafa brugðið mjög við þessa sjón því að hún hafi verið mjög óhugnanleg. Síðan kvaðst hann hafa hlaupið að Tindi, gripið í hendina á honum og náð að sparka hann niður í jörðina. Fljótlega eftir þetta hafi slagsmálin leyst upp. Kristófer kvaðst hafa þekkt Tind í sjón. Hafi hann séð Tind nokkrum sinnum áður í bænum og þekkt nafn hans.

Hjá lögreglu og fyrir dómi skýrði Trausti Eiríksson svo frá að hann hafi verið ásamt fyrrnefndum vinum sínum í bænum að skemmta sér umrætt kvöld. Hann sagði að upphafið hafi verið að kunningi þeirra, Magnús, hafi verið laminn af strákum í Garðabæ fyrr um kvöldið. Gunnar hafi verið að tala við einhvern strák úr Garðbæingahópnum og allt hafi verið rólegt. Þá hafi það gerst að einn strákur hafi skyndilega komið að Gunnari og lamið hann með flösku í andlitið. Gunnar hafi vankast við höggið en síðan farið að stráknum og kýlt hann einu höggi. Við það hafi allur hópurinn, um 14-15 strákar, ráðist að Gunnari. Trausti kvaðst hafa fengið högg í andlitið og vankast stutta stund. Hann kvaðst stuttu síðar hafa séð Tind, sem hann þekki í sjón, ganga í áttina að sér. Ákærði Tindur hafi síðan stoppað og litið í áttina að hópnum sem var að ráðast að Gunnari og hlaupið í áttina til þeirra. Trausti kvaðst hafa farið á eftir ákærða og séð þegar hann hafi farið aftan að Gunnari og lamið hann fjórum til fimm höggum. Högginn hafi verið þannig að ákærði hafi reitt höndina upp til höggs og barið svo niður á Gunnar líkt og þegar stungið sé með hnífi. Trausti kvað höggið hafa komið að hægri öxl Gunnars og á herðar honum. Hann kvaðst hafa séð ákræða halda á einhverju í hendinni en gat ekki gert sér grein fyrir því hvað það væri. Það hafi glitrað á það og hafi eitthvað oddhvasst um 1-2 sm staðið út úr lófa ákærða. Stuttu síðar hafi slagsmálin leyst upp. Trausti kvaðst oft hafa séð Tind í bænum. Hann sé þekktur meðal unglinga fyrir slagsmál og ofbeldi.

Vitnið Steinar Atli Skarphéðinsson sagði hjá lögreglu og fyrir dómi að einhver strákur hafi komið að Gunnari og slegið hann í höfuðið með flösku þannig að hún hafi brotnað. Við það hafi Gunnar dottið í jörðina en staðið upp aftur og slegið strákinn til baka. Slagsmál hafi þá brotist út. Steinar Atli kvaðst þekkja Tind í sjón og þekkt til hans í nokkur ár þar sem að hann hafi lamið hann með basebalkylfu í Garðabæ eftir samræmd próf í 10. bekk. Þá hafi hann oft séð ákærða niðri í bæ í einhverjum slagsmálum. Steinar Atli kvaðst hafa séð Tind slá Gunnar en hann hafi ekki séð neitt í hendi hans. Hins vegar hafi honum fundist Tindur halda á einhverju því hann hafi borið sig þannig að. Hafi hann hoggið eins og hann væri með eitthvað í hendinni.

Bjarki Ólafsson sagði hjá lögreglu að hann hafi verið í bænum með ákærða í umrætt sinn. Hann sagðist þó ekki hafa verið viðstaddur er slagsmálin hafi brotist út. Hann hafi aðeins heyrt frá þeim síðar. Hann mundi þó ekki hver hefði sagt honum frá þessum slagsmálum. Hann hafi verið haugafullur og muni því ekki vel eftir atvikum. Hann sagði ákærða oft vera með vopn eins og hnífa og sýna félögum sínum. Hann hafi þó aldrei orðið þess var að Tindur færi með slík vopn í bæinn eða notaði þau gegn fólki. Þeir félagar hafi staldrað við um eina klukkustund í bænum og farið síðan aftur í Garðabæ. Hann hafi verið með ákærða allan tímann og hafi hann misst sjónar af honum hafi það aðeins verið í stutta stund. Fyrir dómi breytti Bjarki framburði sínum að því leyti að hann var nú alveg viss um að ákærði hafi

ekki vikið frá honum þessa nótt í bænum. Þá kvaðst vitnið ekki hafa verið eins drukkið og í lögregluskýrslu segi. Þá fannst honum í lögregluskýrslu of mikið gert úr því sem hann sagði um áhuga ákærða á vopnum.

Ragnar Sverrisson sagði hjá lögreglu að hann hafi verið með ákærða og Bjarka Ólafssyni í miðbænum í umrætt sinn. Hann muni þó ekki eftir neinum slagsmálum, allavega hafi þeir ekki tekið þátt í neinum slagsmálum. Hann kvaðst ekki hafa fylgst með ákærða allan tímann og viti ekki til þess að ákærði hafi verið með eggvopn í umrætt sinn. Hins vegar hafi ákærði stundum verið að leika sér með vopn í samkvæmum í heimahúsum en það hafi bara verið í gríni. Þeir hafi dvalið í um eina klukkustund í bænum og þá haldið aftur heim í Garðabæ. Fyrir dómi sagði Ragnar að hann væri nú viss um að ákærði hafi verið með honum allan tímann í bænum. Þá dró hann framburð sinn til baka um að ákærði hafi verið að handleika vopn í heimahúsum.

Theódór Friðriksson, læknir, kom fyrir dóm og staðfesti vottorð sitt. Hann sagði að sárið fyrir neðan vinstu eyru Gunnars hafi verið nálægt slagæð. Það sár hafi honum verst vera eftir beittan gadda sem hafi dregist eftir húðinni og eftir sama áhald sem valdið hafi öðrum sárum á Gunnari. Hann taldi, þó hann gæti ekki fullyrt það, að þessi skurður gæti ekki verið eftir glerbrot því skurðir eftir glerbrot væru óreglulegir og skörðóttir. Þessi væri aftur á mót þráðbeinn. Önnur sár á Gunnari væru bersýnilega eftir einhverskonar eggvopn.

Linda Björk Þórðardóttir, lögreglumaður, gaf einnig skýrslu fyrir dómi.

## **Niðurstaða.**

Í þessum þætti málsins er sönnunarstaðan sú að ákærði hefur neitað sök og kannast ekki við að hafa tekið þátt í slagsmálum í miðbæ Reykjavíkur umrædda nótt. Þá frásögn ákærða styðja félagar hans, þeir Bjarki Ólafsson og Ragnar Sverrisson, sem segjast hafa verið með ákærða um kvöldið og öllum ber þeim saman um að þeir hafi aðeins dvalið í um eina klukkustund í bænum.

Hins vegar er framburður kæranda Gunnars Lúðvíks og félaga hans, þeirra Kristófers Ólafssonar, Trausta Eiríkssonar og Steinars Atla Skarphéðinssonar, sem ber öllum saman um atburðarás. Einhver strákur hafi slegið Gunnar með flösku í höfuðið og hafi flaskan brotnað við það. Gunnar hafi vankast um stund en slegið strákinn síðan til baka. Þá hafi allur hópurinn ráðist að Gunnari sem hafi hörfað undan. Frásögn þessara síðast greindu vitna er glögg og trúverðug um að þeir hafi séð ákærða höggva til Gunnars með einhverju oddhvössu sem glitrað hafi á og staðið hafi út úr lófa ákærða. Steinar Atli sagðist ekki hafa séð neitt í hendi ákærða en fannst hann bera sig þannig að eins og hann væri með eitthvað í hendinni því hann hafi hoggið til Gunnars en ekki slegið hann. Þá hafa vitnin einnig borið að þau hafi þekkt til ákærða og oft séð hann áður í bænum. Þessi frásögn þessara vitna kemur heim og saman við framlagt læknisvottorð og vitnisburð læknisins sem gerði að sárum Gunnars. Staðfesti hann að sár Gunnars væru eftir beittan gadda eða eggvopn af einhverju tagi. Sár á hálsi virtist honum vera eftir sama vopn þó hann treysti sér ekki til þess að fullyrða það. Þessi skurður á hálsi var nálægt slagæð.

Framburðir félaga ákærða, þeirra Bjarka Ólafssonar og Ragnars Sverissonar, voru hins vegar reikulir en þeir breyttu framburðum sínum að nokkru leyti fyrir dómi.

Samkvæmt framansögðu þykir komin fram sönnun fyrir því að ákærði hafi ráðist með einhvers konar eggvopni að Gunnari Lúðvík Nelson og veitt honum þá áverka sem í ákæru greinir, eins og ákærinni hefur verið breytt af hálfu saksóknara og getið er um hér að framan. Þegar litið er til þess að ákærði stakk Gunnar nokkrum sinnum með einhvers konar áhaldi og áverkinn á hálsi gat verið hættulegur, verður verknaður hans færður undir 2. mgr. 218. gr. almennra hegningalaga nr. 19/1940, sbr. 11 gr. laga nr. 20/1981.

## **2. Ákæra gegn Árna Þór Skúlasyni, Helga Mar Finnbogasyni, Tindi Jónssyni og Þorsteini Pálssyni.**

### **Málavextir.**

Í þessari ákæru eru ákærðu ákærðir fyrir líkamsárás á útivistarsvæði við Lyngmóa í Garðabæ föstudaginn 13. maí 2005. Ákærði Helgi Mar er ákærður fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás með því að hafa slegið Kristjönu F. Sigursteinsdóttur í andlitið með glerflösku og ákærðu allir eru ákærðir fyrir að hafa ráðist að Herði Harðarsyni og slegið hann í höfuð svo hann féll í jörðina og fyrir að hafa sparkaði í höfuð hans og líkama þar sem hann lá í jörðinni.

Föstudaginn 13. maí 2005 kl. 23:58 barst tilkynning til lögreglunnar í Hafnarfirði þar sem kvartað var um hávaða og sprengingar við Lyngmóa í Garðabæ. Var sagt að unglíngahópur væri þar á útivistarsvæði en þar höfðu verið vandræði undanfarið vegna ölvunar, óláta og hávaða ungs fólks sem komið hafi saman til að skemmta sér og neyta áfengis. Í frumskýrslu lögreglu segir að þegar lögreglan hafi komið á staðinn hafi þarna verið um 10 manna hópur, þar af nokkrir íbúar við Lyngmóa. Ákærði Árni hafi verið blóðugur í framan, ölvaður og æstur og hafi hann verið handtekinn og færður á lögreglustöð. Ákærði Helgi hafi komið gangandi milli húsa og hafi einn íbúana við Lyngmóa bent á Helga og sagt að þetta væri maðurinn sem hafi slegið Kristjönu í andlitið með glerflösku. Ákærði Helgi hafi þá tekið á rás og hlaupið í burtu en hafi verið hlaupinn uppi af lögreglu. Ákærði Tindur var ekki á staðnum er lögreglan kom á vettvang en kom rétt áður en lögreglan fór. Segir í frumskýrslu lögreglu að hann hafi verið rólegur en sýnilega undir áhrifum áfengis. Ákærði Þorsteinn hafi verið mjög ölvaður og sagt að einhver hafi slegið sig í framan. Lögreglan hafði tal af íbúum við Lyngmóa sem voru staddir á vettvangi. Að þeirra sögn hafi ungmenni komið, um sex manns, og farið að öskra og hóta því að drepa fólk. Þau hafi kveikt í flugeldum og sprengjum. Nokkrir íbúanna hafi farið út til þess að reyna að tala við krakkana.

Hjá lögreglu og fyrir dómi skýrði vitnið Hörður Harðarson svo frá að hann hafi setið fyrir framan sjónvarpið ásamt eiginkonu sinni umrætt kvöld. Ófremdarástand hafi ríkt á útivistarsvæði við Lyngmóa undanfarið ár þar sem talsverð læti hafi verið í unglíngum sem þar hafi safnast saman við drykkju og að skemmta sér. Um miðnætti hafi þau hjónin heyrt að nokkrir unglíngar voru komnir á svæðið og byrjaðir að sprengja flugelda og með öskur og læti. Eiginkona hans, Kristjana

Sigursteinsdóttir, hafi talið að hún kannaðist við þessa unglunga og hafi hún ákveðið að fara út og ræða við þá. Þau hafi farið út ásamt Kristjáni Ara Einarssyni og Elínu Þórðardóttur sem einnig búi að Lyngmóum 9. Fljótlega hafi Gunnar Ólafsson bæst í hópinn en hann búi í húsi nr. 10 við Lyngmóa. Hörður sagði að kona hans hafi þekkt strákana þar sem hún hafi verið kennari við Garðaskóla og starfað í tengslum við félagsmiðstöð skólans. Unglingarnir hafi verið töluvert æstir þegar fullorðna fólkið hafi komið út og hafi unglungarnir haldið því fram að íbúar við Lyngmóa væru að valda tjóni á útivistarsvæði þeirra en bæjaryfirvöld höfðu nokkrum dögum áður borið skít á svæðið, m.a. til að koma í veg fyrir að unglingar söfnuðust þar saman. Fullorðna fólkið hafi reynt að gera þeim grein fyrir því að þetta væri leiksvæði barna og að unglungarnir skildu eftir sig glerbrot og rusl þar sem börn væru að leik. Þessar viðræður hafi ekki verið á góðum nótum og hafi ákærði Árni hent Kristjönu til. Þá kvaðst Hörður hafa gengið á milli og honum tekist að róa Árna niður. Ákærði Helgi hafi verið með flösku í hendinni og sagt við hann að hann gæti alveg slegið Hörð í höfuðið ef hann vildi. Hörður kvaðst ekki hafa tekið mark á þessum orðum Helga þar sem að Helgi hafi verið rólegur. Hörður kvaðst nú hafa snúið sér að ákærða Tindi og ákærða Þorsteini til að ræða við þá. Hafi hann snúið baki við Kristjönu og þá heyrt dynk. Hann hafi snúið sér við og séð hvar Kristjana hélt um höfuð sér og sagði að Helgi hafi slegið sig með flösku í andlitið. Flaskan hafi ekki brotnað við höggið en þetta hafi verið ferköntuð eins líters glerflaska. Helgi hafi staðið þarna hjá en ekki sagt neitt. Hann sagðist hafa gripið í Helga sem ekki hafi sýnt nein viðbrögð. Því næst hafi hann snúið sér að Kristjönu til að kanna áverka hennar og þá fundið hvar þeir Tindur, Árni og Þorsteinn og einn til viðbótar, sem hann viti ekki hver er, hafi ráðist á sig með hnefahöggum í andlit og höfuð. Hafi Tindur gefið sér fyrsta hnefahöggið. Hann hafi reynt að verjast þessum hnefahöggum með því að setja hendurnar fyrir sig og með því að reyna að komast undan. Ákærðu hafi náð að taka hann úr bol sem hann hafi verið í og gleraugu hans hafi fallið í jörðina. Þá kvaðst Hörður hafa reynt að slá frá sér til þess að forðast högg frá árásarmönnum. Hann hafi heyrt flösku brotna fyrir aftan sig og hafi honum verið sagt síðar að Helgi hafi ætlað að berja hann með flöskunni en honum einhverra hluta vegna ekki tekist ætlunarverk sitt þar sem Hörður hafi sett hendina fyrir sig. Þegar hér var komið hafi hann fallið í jörðina og hafi þá ákærðu byrjað að sparka í höfuð hans og bók. Hörður kvaðst hafa áttað sig á því að hann gæti lítið gert annað en að verja höfuðið með því að setja hendurnar fyrir það. Spörkunum hafi linnt er lögreglan hafi komið á vettvang. Þegar lögreglan hafi nálgast hafi Tindur sagt við Hörð að hann yrði dauður innan tveggja daga.

Hörður fór á slysideild Landspítalans í Fossvogi daginn eftir. Segir í læknisvottorði að kvarnast hafi úr framtönn í neðri gómi Harðar og hann hafi hlotið mar á vinstra augnloki, hrufلسár á báðum olnbogum, sár, bólgu og mar innanvert á neðri vör, blæðingu við augntönn í neðri gómi, rispu hægra megin á brjóstakassa og rispur yfir hægri úlnlið.

Kristjana F. Sigursteinsdóttir skýrði svo frá hjá lögreglu og fyrir dómi að undanfarin ár hafi hópur unglunga safnast saman á útivistarsvæði fyrir börn við Lyngmóa í Garðabæ. Íbúar í nærliggjandi húsum hafi verið orðnir langþreyttir á því ástandi sem hafi skapast þarna á leiksvæðinu því stundum hafi ástandið verið þannig eins og um útihátið hafi verið að ræða. Um miðnætti 13. maí 2005 hafi sex eða sjö unglingar komið á leiksvæðið með tilheyrandi köllum og öskrum. Íbúar við Lyngmóa hafi vikuna áður rætt um að eitthvað þyrfti að gera í málinu og þau hafi

vitað að prófum hafi verið að ljúka í fjölbrautarskólanum í Garðabæ þennan dag. Þegar unglingarnir hafi birst hafi hún ákveðið ásamt eiginmanni sínum, Herði Harðarsyni, að fara út ásamt fleira fólki. Kristjana kvaðst þekkja ákærðu í málinu þar sem hún hafi starfað sem kennari í Garðaskóla og unnið mikið í tenglum við félagsmiðstöðina í Garðabæ. Strákarnir hafi allir verið talsvert ölvaðir. Hún kvaðst hafa rætt fyrst við Tind og reynt að útskýra fyrir honum sjónarmið íbúanna og hvað það væri bagalegt fyrir íbúana að fá ekki svefnfrið um nætur. Tindur hafi virst skilja afstöðu íbúanna og gengið á brott frá henni og þá hafi hún snúið sér að Helga Mar og farið að ræða við hann. Helgi Mar hafi haldið á eins líters glerflösku með áfengi í. Þegar þau hafi verið að ræða saman hafi Helgi Mar tjáð henni að hann gæti lamið hana með flöskunni. Hún kvaðst hafa svarað honum því að það væri óþarfi því að þau væru bara að spjalla saman en þá hafi hún fengið flöskuna framan í andlitið. Hann hafi slegið hana af alefli og flaskan lent á kinn hennar af miklum þunga. Kristjana sagðist hafa spurt Helga Mar að því hvort ekki væri allt í lagi með hann og Hörður hafi komið og hrist Helga Mar eitthvað til og spurt hann að því sama. Helgi Mar hafi hins vegar staðið hreyfingarlaus og ekki sagt orð. Kristjana kveðst þá hafa sagt við Hörð að þau skyldu koma sér í burtu en í þann mund hafi allir ákærðu ráðist að Herði með hnefahöggum í höfuð hans. Hörður hafi reynt að verjast höggunum með því að bera hendurnar fyrir sig. Þá hafi hún séð að Helgi Mar reyndi að berja Hörð með flöskunni en Hörður náð að setja hendina fyrir sig þannig að Helgi Mar hafi misst flöskuna í jörðina og hún brotnað. Við þessar barsmíðar hafi gleraugu Harðar dottið af honum. Hörður hafi nú fallið í jörðina og þá hafi allir ákærðu ásamt einum öðrum sem hún þekki ekki byrjað að sparka í höfuð hans og skrokk. Hörður hafi reynt að verjast höggunum með því að halda utan um höfuð sitt. Lögreglan hafi komið fljótlega á vettvang og íbúarnir reynt að toga strákana frá Herði. Kristjana sagði að allir ákærðu og hinn fimmti hafi sparkað í Hörð þar sem hann lá á jörðinni.

Kristjana fór á Landspítala-háskólasjúkrahús og fékk áverkavottorð. Í vottorðinu segir að hún hafi fengið mar og yfirborðsáverka á andlit og tognun í hálsvöðvum. Við marinu sé ekki mikið að gera og það ætti að renna af eins og gerist með slíka áverka. Varðandi eymslin í hálsinum fékk Kristjana þær ráðleggingar að nota hita og teygjuæfingar reglubundið og sömuleiðis var henni bent á verkjalyf. Fyrir dómi sagði Kristjana að hún hafi haft áverkana lengi og finni enn fyrir eymslum í kinnbeini.

Ákærði Helgi Mar Finnbogason skýrði svo frá hjá lögreglu að upphaf átakanna hafi verið að Hörður hafi ráðist að honum. Fyrsta kvaðst Helgi Mar hafa slegið konu með flösku og síðan hafi þessi maður ráðist á sig. Aðspurður um af hverju hann hafi slegið konuna með flösku í andlitið skýrði ákærði Helgi Mar svo frá að konan hafi verið að rífast við hann og viljað reka hann og féлага hans í burtu. Ákærði kvaðst ekki hafa ráðist að Herði eftir að Hörður hafi fallið í jörðina. Taldi hann að ákærði Árni, Tindur og Þorsteinn hafi ráðist að Herði. Ákærði Helgi Mar kvaðst hafa misst flöskuna eftir að Hörður hafi ráðist á sig. Fyrir dómi skýrði ákærði Helgi Mar á sama veg frá að öðru leyti en því að hann kvaðst ekki hafa slegið Kristjönu með flöskunni heldur „ýtt“ flöskunni í andlit hennar.

Ákærði Þorsteinn Pálsson skýrði svo frá hjá lögreglu að þegar þeir félagar hafi verið komnir að útivistarsvæði við Lyngmóa hafi eitthvað rifrildi komið upp á milli þeirra og íbúanna þar. Hann sagðist hafa rifist við eitthvað fólk en hins vegar hvorki ráðist á einn né neinn. Hörður hafi hins vegar slegið hann í höfuðið með

þeim afleiðingum að hann hafi vankast við höggið. Ákærði Þorsteinn taldi þó ekki að Hörður hafi slegið hann með ásetningi heldur sé líklegra að Hörður hafi baðað út höndunum í átökum við annan aðila. Ákærði kvaðst hins vegar ekki vita hver það hafi verið sem Hörður hafi lent í átökum við. Nánar aðspurður kvað Þorsteinn ýfingar hafi verið milli íbúanna og unglinga sem þarna hafi verið saman komnir. Hann geti hins vegar ekki sagt um hverjir það hafi verið, það eina sem hann viti sé að hann hafi fengið högg frá Herði. Fyrir dómi skýrði ákærði Þorsteinn á sama veg frá og hjá lögreglu og ítrekaði að hann vissi ekki hverjir hafi tekið þátt í átökum í umrætt sinn. Þorsteinn fór á Landspítala-háskólasjúkrahús, slysadeild og fékk áverkavottorð. Í því segir meðal annars að efri vör sé talsvert bólgin og talsvert mikið mar eða blæðing innanvert á vörinni þar undir.

Ákærði Tindur skýrði svo frá hjá lögreglu að það sé ekki rétt að hann hafi ráðist að Herði heldur hafi Hörður byrjað að slá féлага hans. Ákærði hafi reyndar snúið baki í Hörð er átökin hafi byrjað en ákærði kvaðst þá hafa verið að ræða við einn íbúa við Lyngmóa. Þegar hann hafi snúið sér við hafi hann séð Hörð slá Helga Mar eða Árna Þór. Ákærði kvaðst hafa gengið þarna að og verið kýldur í andlitið og hafi hann vankast við það og muni því ekki meira frá atvikum.

Ákærði Árni Þór Skúlason kvaðst hafa farið að Lyngmóum ásamt félögum sínum. Þegar þeir hafi verið komnir þangað hafi íbúar komið út og farið að skipta sér að þeim. Hörður hafi slegið hann og fljótlega upp úr því hafi lögreglan komið og hann verið handtekinn.

Gunnar Ólafsson, íbúi að Lyngmóum, kvaðst hafa séð út um glugga á heimili sínu við Lyngmóa að unglingshópur hafi verið kominn á leiksvæðið með tilheyrandi hávaða og látum. Hópurinn hafi verið með hróp og köll um að íbúar við Lyngmóa myndu finna fyrir því og hafi íbúum verið hóttað lífláti. Gunnar sagði að vandræði hafi skapast þarna á svæðinu vegna þess að unglingar hafi hópast þarna saman um nætur og verið með hróp og köll. Gunnar kvaðst hafa farið út þegar hann hafi séð aðra íbúa hússins fara út og ræða við unglingana. Gunnar kvaðst hafa staðið um 2 metra frá Kristjönu sem hafi verið að ræða við Helga Mar. Helgi hafi spurt Kristjönu hvort hann ætti að lemja hana með flöskunni. Í sama mund hafi hann gert það og slegið Kristjönu í andlitið með flöskunni. Hörður hafi þá komið og farið að huga að konu sinni. Ákærðu hafi þá ráðist að Herði með hnefahöggum og barið hann ítrekað í höfuðið. Skömmu síðar hafi Hörður fallið í jörðina og hafi hann þá séð hvar Helgi Mar sparkaði af miklu afli í höfuð Harðar á meðan hann lá í jörðinni. Allir hinir, fimm að tölu, hafi sparkað í skrokk og höfuð Harðar þar sem hann hafi legið á jörðinni og reynt að verjast höggum og spörkum. Þegar hér var komið hafi hinir fullorðnu reynt að taka unglingana frá Herði og lögreglan komið um svipað leyti. Gunnar kvaðst hafa tekið ákærða Helga út úr hópnum og hélt að honum hefði tekist að róa hann niður. Þegar hann hafi snúið sér frá Helga hafi Helgi hins vegar slegið hann með miklu afli í nefið þannig að blætt hafi úr. Lögreglan hafi svo komið og skakkað leikinn.

Elín Þórðardóttir, íbúi að Lyngmóum, Garðabæ, sagði hjá lögreglu að hún hafi verið að ræða við ákærða Árna Þór er hún hafi heyrt Kristjönu segja: „Þú slóst mig með flöskunni.“ Fljótlega upp úr því hafi ákærðu ráðst að Herði og hann fallið í jörðina. Þá hafi ákærðu sparkað í Hörð, bæði í höfuð og skrokk. Fyrir dómi treysti Elín sér ekki til þess að muna atvik nákvæmlega en sagðist þó muna að ákærðu hafi sparkað í Hörð eftir að hann hafi fallið í jörðina. Þó var Elín ekki viss um að

ákærði Árni Þór hafi tekið þátt í því.

Kristján Ari Einarsson skýrði svo frá hjá lögreglu og fyrir dómi að um miðnætti hafi nágrannar hans, Hörður Harðarson, bankað upp á hjá honum og sagt honum að nokkrir unglingar væru komnir á svæðið. Hann hafi farið út ásamt Herði og eiginkonu hans Kristjönu. Þarna hafi sex unglingar verið komnir og hafi verið mjög ölvaðir og æstir. Kristjana hafi rætt við nokkra þeirra en sjálfur kvaðst Kristján hafa rætt við Þorstein og unglings sem hafi verið klæddur í hermannaajakka. Kristján kvaðst hafa þekkt Þorstein og Tind. Kristján kvað Þorstein og þann í hermannaajakkanum hafa verið með mjög ögrandi framkomu en honum hafi tekist að róa þá. Þá hafi hann heyrt að Kristjana hafi kallað „þú slóst mig.“ Hafi hann þá séð að Kristjana hélt um andlit sitt. Í því hafi Hörður farið að þeim dreng sem slegið hafi Kristjönu og sagt við hann að svona gerði maður ekki. Hörður hafi eitthvað tekið utan um þennan unglings en þá hafi allir unglingsarnir rokið til og byrjað að slá Hörð í höfuðið með hnefahöggum. Fljótlega hafi Hörður fallið og þá hafi þeir allir sparkað í höfuð hans og skrokk þar sem hann hafi legið varnarlaus í jörðinni. Fyrir dómi var Kristján spurður nánar um þetta atriði en hann kvaðst nú ekki muna það nákvæmlega. Lögregluskýrslan hafi hins vegar verið tekin af honum stuttu eftir atburðinn og taldi hann víst að rétt hefði verið haft eftir honum. Hörður hafi reynt að verjast höggunum með því að halda höndum yfir höfði sér. Fullorðna fólk hafi rokið til og byrjað að taka unglingsana frá Herði. Sjálfur kvaðst hann hafa tekið Þorstein og þann í jakkanum. Íbúarnir hafi náð að toga unglingsana frá Herði en fljótlega hafi þeir gert aðra atögu að Herði með spörkum þar sem hann lá í jörðinni. Hörður hafi náð að standa upp og lögreglan hafi þá fljótlega komið á staðinn. Kristján kvaðst þá hafa séð Tind og þann í hermannaajakkanum ganga á brott. Kristján sagði að lögreglan hafi ekki náð þeim pilti sem var í hermannaajakkanum.

Valdimar Guðbjörnsson sagði hjá lögreglu og fyrir dómi að hann hafi verið staddur úti við svalahurð heima hjá sér á 1. hæð við Lyngmóa þegar hann hafi séð nokkra piltana koma gangandi inn á leikvöllinn. Piltarnir hafi strax byrjað að öskra og sprengja einhverjar sprengjur. Valdimar kvaðst hafa séð nokkra íbúa húsanna í kring koma út og farið að ræða við piltana. Hann hafi þá séð að til ryskinga var komið og hafi hann þá flýtt sér út. Þegar hann kom á staðinn hafi hann séð Hörð liggja í jörðinni og a.m.k. 3 piltana sparka í Hörð. Hann hafi séð einn piltana reyna að slá Hörð með glerflösku en Herði hafi tekist að setja hendina fyrir og flaskan dottið í jörðina og brotnað.

Sverrir Guðfinnsson, lögreglumaður, gaf einnig skýrslu fyrir dómi í þessum þætti málsins.

## Niðurstaða

Ákærði Helgi Mar játaði hjá lögreglu að hafa slegið Kristjönu með flösku í andlitið. Fyrir dómi dró hann í land að því leyti að hann sagðist aðeins hafa „ýtt“ flöskunni framan í Kristjönu. Þessi breytti framburður stenst ekki þegar áverkavottorð er skoðað. Þá hafa vitni staðfest framburð Kristjönu um að ákærði Helgi Mar hafi slegið hana af afli með flösku í andlitið. Sök hans telst því sönnuð

varðandi þennan ákærulið. Brot hans er rétt fært til refsíákvæðis í ákæru.

Ákærðu hafa allir neitað sök varðandi seinni hluta ákæru þar sem þeir eru sakaðir um að hafa ráðist að Herði, slegið hann, fellt hann í jörðina og þá sparkað í höfuð hans og líkama. Framburður ákærðu hefur verið reikull í þessu sambandi og einkar ótrúverðugur. Framburðir vitnana Kristjönu, Harðar, Elínar, Gunnars, Kristjáns Ara og Valdimars, sem raktir eru hér að framan, voru hins vegar mjög trúverðugir um hvað gerðist í umrætt sinn. Kristjönu, Herði, Gunnari og Kristjáni ber öllum saman um að ákærðu hafi allir ráðist að Herði, kýlt hann og fellt í jörðina og því næst sparkað í hann. Aðeins vitnið Elín var ekki viss í skýrslu sinni fyrir dómi hvort ákærði Árni Þór hefði tekið þátt í árásinni. Hún sagði reyndar í skýrslu sinni fyrir dómi að hún væri nú alls ekki viss um hvað hefði gerst því hún ruglaði nú saman því sem hún hefði séð og því sem aðrir hefðu sagt henni að hefði gerst. Í skýrslu sinni hjá lögreglu sagði hún hins vegar að allir ákærðu hefðu tekið þátt í árásinni á Hörð með höggum og spörkum. Framangreindur framburður Elínar hér fyrir dómi þykir ekki skipta máli varðandi heildarmat. Þá sá Valdimar a.m.k. 3 pilta standa yfir Herði og sparka í hann en Valdimar kom ekki á vettvang strax og sá því ekki upphaf átakanna.

Þegar ofangreindur framburður vitnanna er metinn í heild þykir sannað að allir ákærðu hafi ráðist að Herði með þeim hætti sem í ákæru greinir. Brot þeirra verður fært undir 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 1971940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

### **3. Ákæra gegn Helga Guðmundssyni, Tindi Jónssyni og Þórði Kárasyni.**

#### **Málavextir.**

Í þessum hluta málsins er ákærði Helgi ákærður fyrir líkamsárás innandyra að Bæjargili 63 fyrir að hafa kýlt Kjartan Inga Árnason með krepptum hnefa í anditið þann 2. október 2005. Ákærði Tindur er ákærður fyrir að hafa í framhaldi af framangreindu dregið upp stóran hníf eða sveðju og otað ítrekað að Kjartani Inga. Þá eru ákærðu allir ákærðir fyrir að hafa elt Kjartan Inga þegar hann hafi reynt að flýja ákærðu og ráðist að honum með höggum og spörkum. Því næst hafi þeir ráðist að Einari Ágústi Magnússyni og er ákærði Tindur ákærður fyrir að hafa ráðist að Einari Ágústi með hnífi eða sveðju og höggvið ítrekað í höfuð hans og líkama. Þá er ákærði Tindur einnig ákærður fyrir hættulega líkamsárás með því að hafa veitt Arnari Snorra Gíslasyni högg með umræddum hnífi eða sveðju þegar Arnar Snorri hafi reynt að verja Einar Ágúst fyrir atlögu Tinds. Að lokum er ákærði Tindur ákærður fyrir fíkniefna- og vopnalagabrot og hefur hann játað sök er það varðar.

Tilkynning barst frá fjarskiptamiðstöð til lögreglunnar kl. 01:09 umrædda nótt um að Kjartan Ingi væri staddur á Skógarhæð í Garðabæ og hefði orðið fyrir líkamsárás. Lögreglan fór á vettvang og fékk upplýsingar um að Einar Ágúst Magnússon hafi einnig orðið fyrir líkamsárás. Lögreglan fór á vettvang þeirrar árásar við Bæjargil og mátti þar sjá blóðpolla og blóðslettur á víð og dreif í gras, gangstétt og á götu. Búið var að ganga á með miklum skúrum og hvassviðri. Ljóst

var nú orðið að Einar Ágúst hafi orðið fyrir alvarlegri líkamsárás og var því ákveðið að fara í húsleit að Bæjargili 63. Fengin var aðstoð frá sérsveit ríkislögreglustjóra til þess að handsama meinta gerendur og koma í veg fyrir spillingu sakargagna. Ákærðu voru allir handteknir að Bæjargili 63 þar sem um 30 manns voru í samkvæmi og fór þar fram húsleit. Sporhundur var fenginn til aðstoðar við leit að sveðju eða stórum hnífi en sú leit bar ekki árangur. Flokkur lögreglumanna var fenginn til að leita daginn eftir atburðinn og eins næsta dag. Var farið í öll hús í hverfinu, bankað upp á og fengin heimild til að leita á lóð og í ruslatunnum. Þessi leit bar ekki árangur. Þá var einnig gerð húsleit á heimili ákærða Tinds að Sunnuflöt 39, Garðabæ. Við leitina fundust ætluð fikniefni og í bifreið ákærða Tinds fannst fjaðarhnífur í hólfi milli framsæta. Á heimili ákærða Þórðar var hald lagt á sveðju sem geymd var í læstum vopnaskáp í eigu föður Þórðar.

Í fyrstu skýrslutöku hjá lögreglu skýrði ákærði Tindur svo frá að hann viti ekkert um hvað sé verið að saka hann um. Hann hafi ekki lent í neinum átökum kvöldið áður og þá viti hann ekkert um blautar gallabuxur og bol sem fundist hafi á heimili ákærða Þórðar. Tindur var yfirheyrður tveimur dögum síðar hjá lögreglu og svaraði hann þá á sama hátt, að hann kannaðist ekki við að hafa lent í neinum slagsmálum. Í fjórðu yfirheyrslu hjá lögreglu óskaði Tindur eftir að breyta fyrri framburði sínum. Kvaðst hann nú hafa verið í samkvæmi heima hjá ákærða Þórði Kárasyni að Bæjargili 63 umrætt kvöld. Hann hafi orðið var við einhverjar deilur milli Kjartans Inga og ákærða Helga Guðmundssonar. Hins vegar hafi hann ekki orðið var við nein átök milli þeirra. Kjartan hafi síðan farið út úr húsinu og Helgi á eftir honum. Hann og Þórður hafi fylgt á eftir auk þess sem Arnar Snorri Gíslason, kunningi Kjartans Inga, hafi einnig fylgt með. Kjartan hafi hlaupið út botnlangann og til hægri norður Bæjargilið að hringtorgi sem þar sé. Þar hafi Þórður náð Kjartani og Helgi komið fljótlega að. Tindur kvaðst hafa séð Kjartan detta og Helgaog Þórð eitthvað vera að „ræða“ við hann. Í þann mund sem Tindur hafi komið á vettvang hafi Kjartan hlaupið í burtu. Arnar Snorri hafi verið að reyna að stilla til friðar en mikið rifrildi hafi verið milli Kjartans annars vegar og Helga og Þórðar hins vegar.

Þeir þremmenningarnir, ákærðu Helgi, Tindur og Þórður, hafi nú gengið heim á leið og þá mætt Einari Ágústi Magnússyni sem hafi verið í mjög æstu skapi. Einar hafi spurt þá hvort þeir hafi verið að lemja vin hans og í framhaldi af því hafi Einar ýtt eða kýlt Þórð. Þá strax hafi þeir þremmenningar allir ráðist að Einari. Kvaðst Tindur hafa kýlt Einar nokkrum sinnum í höfuðið og búkinn auk þess sem hann hafi reynt að fella Einar með því að grípa í hann. Hann kvaðst hins vegar ekki vita hvað Þórður og Helgi hafi gert. Arnar Snorri hafi verið kominn á vettvang og hafi hann reynt að ganga á milli þeirra og stöðva slagsmálin. Að lokum hafi Einar fallið í götuna og þá hafi þeir stöðvað slagsmálin og gengið heim til Þórðar. Þegar hann hafi verið kominn aftur í samkvæmið heima hjá Þórði hafi hann tekið eftir því að blóð hafi verið á fötum hans. Kvaðst Tindur hafa reynt að skola blóðið úr en síðan sett fötin í plastpoka og inn í fataskáp hjá Þórði og tekið föt frá Þórði og klætt sig í þau. Eftir það hafi hann kallað í Hauk Þorsteinsson, féлага sinn, sem hafi verið í samkvæminu og beðið Hauk um að klippa sig. Algengt sé að hann sé klipptur í samkvæmum. Tindur kvaðst ekki hafa verið með nein eggvopi, né vita til að Þórður eða Helgi hafi verið með slík vopn. Hann gat enga skýringu gefið á því hvers vegna Einari hafi blætt svona mikið. Taldi hann að Einar hafi fengið blóðnasir.

Fyrir dómi skýrði ákærði Tindur svo frá að hann hafi setið inni í eldhúsi að Bæjargili 63 og séð er Kjartan Ingi og Helgi voru að rífast í anddyrinu. Þetta rifrildi þeirra hafi borist út á stétt og hafi hann farið á eftir þeim. Kvaðst hann hafa verið að handleika hníf í eldhúsinu og hafi hann ómeðvitað gripið hann með sér þegar hann hafi staðið upp og fylgt þeim eftir. Þegar hann hafi komið út hafi hann séð Kjartan hlaupa í burtu og Helga og Þórð á eftir honum. Tindur kvaðst hafa farið á eftir þeim og séð Kjartan falla í jörðina við endann á Bæjargilinu þar sem hringtorg sé. Þegar hann hafi komið að þeim hafi Kjartan staðið upp og hlaupið í burtu. Arnar Snorri hafi komið að um svipað leyti. Ekki kvaðst Tindur hafa séð Helga og Þórð lemja eða sparka í Kjartan. Þegar þeir hafi verið að ganga heim hafi Einar Ágúst komið á móti þeim og verið æstur. Hafi hann byrjað að rífast við þá og kýlt Þórð. Við það hafi átök byrjað. Kvaðst Tindur hafa slegið til Einars en ekki áttað sig á því að hann hafi verið með hníf í hendinni. Þegar hann hafi séð blæða úr Einari hafi hann strax hætt og gengið í átt að Bæjargili 63. Tindur kvað vini Einars hafa komið á bíl á eftir þeim og lagt bílnum alveg við hliðina á þeim stað er átökin hafi farið fram. Tindur kvað Arnar Snorra hafa reynt að stilla til friðar og hafi enginn lamið hann. Þegar hann hafi verið kominn aftur í samkvæmið hafi hann séð blóð á fötum sínum og farið inn á baðherbergi og reynt að sprauta vatni á þau og síðan hafi hann sett fötin í poka og fengið lánuð ný föt úr fataskáp Þórðar. Þá hafi hann látið klippa sig en það hafi hann oft gert áður í samkvæmum. Tindur kvaðst hafa fleygt hnífnum frá sér rétt hjá átakastaðnum og hafi hann fleygt honum inn í garð við hús við Bæjargil. Hnífinn hafi hann tekið úr eldhúsinu eins og áður sagði og hafi þetta verið stór eldhúshnífur. Ekki kvaðst ákærði Tindur hafa séð svedju þá sem haldlögð var við rannsókn málsins og fannst að Bæjargili 63. Ekki mundi ákærði Tindur eftir að hafa otað hnífnum að Kjartani Inga fyrir utan húsið að Bæjargili 63.

Hjá lögreglu skýrði ákærði Helgi Guðmundsson svo frá að hann hafi verið í samkvæmi heima hjá Þórði Kárasynti umrætt kvöld að Bæjargili 63 í Garðabæ. Kvaðst hann hafa tekið eftir Kjartani Inga í samkvæminu og hafi honum verið illa við Kjartan vegna þess sem Kjartan hafi einu sinni gert honum. Hafi hann eitthvað farið að rífast við Kjartan og hafi það endað með því að Kjartan hafi hlaupið út úr húsinu. Ekki mundi Helgi hvort hann hafi kýlt Kjartan þegar þeir voru að rífast í húsinu. Hann mundi að hann hafði hlaupið á eftir Kjartani þegar út var komið. Þá mundi Helgi eftir því að Einar Ágúst, vinur Kjartans, hafi komið og verið eitthvað pirraður yfir því að Helgi skyldi vera að rífast við Kjartan. Kvaðst Helgi muna eftir því að hafa slegið Einar í líkamann en mundi ekki hvar höggið hafði lent. Þá kvaðst Helgi muna eftir að hafa sparkað tvisvar í Kjartan þegar hann var að falla í jörðina. Helgi mundi að Tindur og Þórður hafi báðir kýlt Einar. Hann mundi að hann hafi séð glitta í hníf í átökunum en gat ekki gert sér grein fyrir því hver hafði verið með hnífinn. Þeir félagar hafi síðan áttað sig á að nóg væri komið af slagsmálum og þá farið aftur í samkvæmið. Helgi var yfirheyrður aftur hjá lögreglu. Sagði hann þá að hann myndi ekki eftir að hafa slegið eða sparkað í Kjartan og myndi ekki heldur eftir því að Þórður eða Tindur hafi gert það. Varðandi Einar Ágúst kvað Helgi Þórð og Tind hafa ráðist að Einari. Hann mundi þó eftir að hafa kýlt Einar einu sinni og að hann hafi sparkað tvisvar sinnum í fætur Einars. Fyrir dómi skýrði Helgi svo frá að hann hafi aldrei séð Tind með hníf í umrætt sinn. Eftir að hafa slegist við Kjartan hafi þeir félagar gengið til baka að Bæjargili 63 og þá mætt Einari sem hafi farið að rífast við þá. Hann kvaðst ekki muna neitt eftir átökunum en taldi þó að hann hafi sparkað einu sinni í fætur Einars.

Ákærði Þórður Kárasón skýrði svo frá hjá lögreglu að hann hafi verið með samkvæmi heima hjá sér umrætt kvöld. Einhver hafi kallað til hans og sagt honum að gestir hans væru fyrir utan húsið í slagsmálum. Þegar hann hafi komið út hafi hann séð Helga vera að rífast við einhvern strák. Þessi strákur hafi slegið Helga og hlaupið síðan út götuna og til hægri norður Bæjargilið. Kvaðst Þórður hafa hlaupið á eftir stráknum, náð honum og stöðvað hann og spurt hann hvað það ætti að þýða að vera með „vesen“. Helgi hafi komið og Kjartan og Helgi eitthvað ýtt í hvorn annan. Hann mundi ekki eftir fleirum þarna á staðnum. Hann og Helgi hafi gengið til baka og verið á heimleið þegar þeir hafi mætt Arnari Snorra og Einari Ágústi. Einar hafi ætlað að berja Helga og kvaðst Þórður hafa gengið á milli. Einar hafi þá ýtt honum og hann ýtt á móti. Síðan hafi Einar kýlt hann og hann kýlt til baka. Þetta hafi endað með slagsmálum. Þórður kvaðst allt í einu hafa áttað sig á því að hann var allur blóðugur. Honum hafi brugðið svo við þetta að hann hafi hætt slagsmálunum. Hann kvaðst ekki hafa tekið eftir Tindi fyrir en slagsmálin hafi verið yfirstaðin. Ekki hafi hann séð hvort Tindur hafi verið með eggvopn á sér. Fyrir dómi skýrði ákærði Þórður á sama veg frá. Hann kvaðst ekki hafa haft lykil að byssu- og vopnaskáp föður síns. Honum var sýnd í réttinum sveðja sú sem haldlögð var að Bæjargili 63 og kvaðst Þórður aldrei hafa séð þessa sveðju.

Kjartan Ingi Árnason skýrði svo frá hjá lögreglu og fyrir dómi að hann hafi verið á rúntinum með Einari Ágústi Magnússyni, Aniku Kareni Guðlaugsdóttur, Arnari Snorra Gíslasyni og Andra Davíð Péturssyni. Þau hafi frétt af samkvæmi í Bæjargilinu og ákveðið að fara þangað. Þau hafi verið búin að vera um það bil 10 mínútur í samkvæminu þegar ákærði Helgi hafi farið að rífast við hann. Hafi Helgi talið að Kjartan hafi einhvern tímann tilkynnt lögreglu um að Helgi væri að aka ölvaður. Engin fótur hafi hins vegar verið fyrir þessum ásökunum og kvaðst Kjartan hafa reynt að segja Helga það. Stuttu síðar kvaðst Kjartan hafa verið að tala við einhvern og þá hafi hann allt í einu fengið hnefahögg í andlitið frá Helga. Hafi höggið verið fast og lent á kinnbeini hans og hann kastast til en ekki dottið. Hann kvaðst þá hafa ákveðið að láta gott heita og drífa sig í burtu úr samkvæminu. Hafi hann strax farið út í anddyri hússins og verið að klæða sig í skó þegar Helgi hafi komið og sagt honum að hypja sig í burtu. Með Helga hafi verið Tindur, áberandi krullhærður með mikið ljósbrúnt hár, og hafi hann dregið upp einskonar sveðju úr buxnastræng sínum. Hafi sveðjan verði með bognu og breiðu blaði, um það bil 30 sm langt. Hjá lögreglu skýrði Kjartan svo frá að Tindur hafi otað sveðjuoddinum að honum án þess þó að stinga hann. Oddurinn hafi komið mjög nálægt honum og hafi honum fundist sér ógnað. Fyrir dómi dró Kjartan þennan framburð til baka og taldi eftir á að hyggja að honum hafi ekki staðið ógn af þessu athæfi Tinds heldur hafi honum frekar virst Tindur vera að leggja áherslu á orð sín þegar hann hafi sagt honum að „drulla sér út“. Hann kvaðst hafa hraðað sér út úr húsinu og ætlað á brott. Helgi hafi hins vegar elt hann og ýtt við honum. Kjartan kvaðst þá hafa ýtt á móti og við það hafi hann misst hálfslítars fantaflösku úr poka sem hann hafi verið með. Hann hafi nú gengið á brott en Helgi hent fantaflöskunni í bakið á honum. Kjartan kvaðst nú hafa flýtt sér í burtu og hafi hann talið að máli þessu væri lokið. Helgi hafi hins vegar komið hlaupandi á eftir honum. Þá hafi hann séð Tind koma aðvífandi. Hann hafi nú tekið til fótanna og hlaupið talsverðan spöl og talið sér óhætt er hann hafi verið kominn að hringtorgi við Bæjargil. Þá hafi hins vegar Þórður komið óvænt að honum og tekið hann hálstaki og dregið hann niður í götuna. Helgi og Tindur hafi komið að um svipað leyti og byrjað að sparka í hann þar sem hann lá í götunni. Taldi hann að Þórður hafi einnig sparkað í

sig þótt hann gæti ekki fullyrt það. Hann hafi ekki séð nákvæmlega hver hafi gert hvað þar sem hann hafi lagst í fósturstellingu og haldið um höfuð sér til að hlífa því. Þeir hafi látið spörkin dynja á höfði hans svo og baki og annars staðar á skrokkinn, alls 9-10 spörk að hann taldi. Félagi hans Arnar Snorri hafi komið fljótlega og tekist að fá þremmenningana til að hætta þessu. Þeir hafi hætt og farið að ræða við Arnar og hann notað þá tækifærið og staðið upp og hlaupið á brott. Kvaðst hann hafa falið sig í hverfinu og hringt á lögreglu skömmu síðar.

Einar Ágúst Magnússon skýrði svo frá hjá lögreglu og fyrir dómi að hann hafi verið í bifreið frænku sinnar umrætt kvöld, Aniku Karenar Guðlaugsdóttur, og með þeim hafi verið félagar hans, Kjartan Ingi Árnason, Andri Davíð Pétursson og Arnar Snorri Gíslason. Þau hafi öll farið í samkvæmi að Bæjargili 63 í Garðabæ. Einar kvaðst hafa farið inn í stofu á jarðhæð hússins og sest þar í sófa. Hafi hann sest hjá ákærða Þórði Kárasynti og þeir tekið tal saman. Hann taldi að hann hafi verið um það bil 7 mínútur í húsinu þegar hann hafi farið inn á baðherbergi og þá heyrte einhver læti frammi í anddyri. Hann kvaðst hafa þekkt rödd Kjartans en ekki heyrte orðaskil. Hann kvaðst hafa farið að kanna hvað væri á seyði og séð Kjartan utandyra og tvo eða þrjá stráka að rífast við hann. Hann kvaðst hafa þekkt Helga og Tind þarna fyrir utan og hafi Tindur verið með sveðju í höndum sem hann hafi sveiflað í kringum sig eins og brjálæðingur. Hann kvaðst hafa beðið Kjartan um að bíða eftir sér meðan hann færi inn í húsið að ná í bjórinn sinn. Hafi hann gert það og hlaupið út aftur. Þá hafi allir verið horfnir en Anika verið í bíl fyrir utan ásamt Andra. Hann minnti að hann hafi einnig séð Arnar fyrir utan húsið. Einar kvaðst nú hafa hlaupið upp götuna til að athuga með Kjartan og þá séð hvar Tindur, Helgi og Þórður komu á móti sér. Tindur hafi þá enn verið með sveðjuna í höndunum. Hann kvaðst hafa spurt strákana hvað gengi á. Þá hafi Þórður kýlt hann í andlitid með krepptum hnefa. Hann kvaðst síðan hafa fengið þungt högg í höfuðið og telur að Tindur hafi veitt honum það með sveðjunni. Meira muni hann ekki eftir atvikum nema að einhvern tímann meðan á árásinni stóð og hann legið í götunni hafi hann séð Helga reiða fót sinn til höggs í andlit honum og fundið höggið koma. Þá kvaðst hann muna eftir að hafa staðið upp og sest inn í bíl hjá Aniku sem hafi ekið honum á slysadeild. Einari var sýnd sveðja sú sem haldlögð var á heimili Þórðar og kvaðst hann halda að hún væri stærri en sú sem Tindur hafi verið með í umrætt sinn.

Anika Karen Guðlaugsdóttir skýrði svo frá hjá lögreglu og fyrir dómi að hún hafi komið í samkvæmið að Bæjargili 63 með vinum sínum, Einari Ágústi, Arnari Snorra, Andra Davíð og Kjartani Inga. Hún kvaðst hafa heyrt og séð þegar ákærði Helgi hafi farið að áreita Kjartan rétt fyrir innan anddyrið og hafi Helgi slegið til Kjartans en ekki hitt að hún taldi. Arnar Snorri hafi þá reynt að róa Helga og Helgi róast um stund. Stuttu síðar hafi hún séð annan pilt, sem hafi verið nefndur Tindur, en hann hafi verið með mikið dökkt krullað hár og í ljósbrúnum bol. Hafi Tindur haldið á sveðju og hafi hann sveiflað sveðjunni og hoggið til Kjartans. Kjartan hafi hins vegar náð að vinda sér undan. Anika kvað Kjartan hafa hlaupið út þegar þetta hafi gerst og kvaðst hún hafa náð í Arnar sem hafi farið að ræða við Tind. Helgi, Tindur og sá þriðji hafi farið á eftir Kjartani og hafi þeir lent í slagsmálum. Hún kvaðst hins vegar hafa farið upp í bifreið sína og hafi Andri setið við hlið hennar í farþegasæti. Einar hafi komið út en farið aftur inn til að ná í bjórinn sinn og sett bjórinn síðan inn í bifreiðina. Síðan hafi Einar hlaupið á eftir þeim Kjartani, Arnari, Tindi, Helga og öðrum sem hún hafi ekki þekkt. Þau hafi haldið á eftir strákunum á bifreiðinni og hafi hún lagt bifreiðinni rétt fyrir aftan þá þar sem Einar var kominn í slagsmál við Tind, Helga og þann þriðja. Hún kvaðst hafa séð Tind

höggva til Einars með sveðjunni en Arnar staðið á milli og reynt að hindra Tind. Tindur hafi auðsjáanlega ekki ætlað að höggva til Arnars heldur beygt sig yfir Arnar til að koma sveðjuhöggum á Einar. Einar hafi að lokum dottið í grasið þar sem Tindur, Helgi og hinn óþekkti hafi sparkað í hann þar sem hann hafi legið í grasinu. Eins hafi hún séð Tind höggva með sveðjunni í Einar þar sem hann lá varnarlaus í grasinu. Arnar hafi reynt að ýta strákunum í burtu en ekki mátt sín mikils gegn þeim. Anika sagði að Einar hafi að sjálfsdáðum staðið upp og sest inn í bílinn og hún ekið honum beint upp á slysadeild. Anika sagði að sveðjan sem Tindur hafi verið með hafi verið um 50 sm löng með um 40 sm löngu blaði. Hún hafi verið með bognu blaði eins og sveðja sem notuð sé í arabalöndum. Henni var sýnd í réttinum hin haldlagða sveðja en hún treysti sér ekki til að segja til um hvort að um sömu sveðju væri að ræða.

Andri Davíð Pétursson sagði hjá lögreglu og fyrir dómi að fljótlega eftir að þau hafi verið komin í samkvæmið hafi hann tekið eftir að Helgi var að tala við Arnar. Allt í einu hafi hann séð Helga slá til Kjartans sem hafi staðið fyrir aftan Arnar. Þetta hafi átt sér stað í forstofu hússins. Ekki kvaðst Andri hafa séð hvort Helga hafi tekist að kýla Kjartan eða hvort Kjartani hafi tekist að koma sér undan högginu. Arnari hafi nú tekist að róa Helga og Kjartan verið kominn að útidyrunum. Þá hafi piltur sem nefndur sé Tindur allt í einu komið innan úr húsinu með arabasveðju við belti sér vinstra megin. Kvaðst Andri hafa séð Tind draga sveðjuna upp úr slíðri og hafi hann otað oddinum á sveðjunni að andliti Kjartans þar sem hann hafi staðið í anddyrinu. Ekki kvaðst Andri hafa tekið eftir hvort Tindur hafi hoggið með sveðjunni til Kjartans. Anika hafi kallað á Arnar sem hafi komið strax og gengið á milli Tinds og Kjartans. Andri kvaðst hafa séð Kjartan vera kominn út á götuna fyrir framan húsið og Helgi, Tindur og Arnar fylgt honum á eftir. Helgi hafi ógnað Kjartani og Kjartan hörfað undan. Kjartan hafi nú hlaupið á brott og Helgi og Tindur á eftir ásamt öðrum strák sem Andri kvaðst ekki þekkja en hafa heyrt síðar að væri nefndur Þórður. Einar hafi svo komið út og hlaupið á eftir þeim. Andri kvaðst hins vegar hafa sest upp í bifreiðina hjá Aniku og þau ekið á eftir strákunum. Anika hafi lagt bílnum rétt hjá Arnari, Helga, Tindi og Þórði. Hann hafi fylgst með í gegnum afturrúðuna hvað fram fór. Einar hafi komið hlaupandi að þeim. Andri sagði að þeir hafi allir verið að rifast eitthvað og Einar ýtt í einhvern þeirra þriggja eins og hann vildi koma þeim frá. Þá hafi Tindur ráðist að Einari og hafi Tindur verið kominn með sveðjuna í hægri hendi og hoggið með henni að Einari. Arnar hafi hins vegar reynt að ganga í milli. Allt í einu hafi Tindur skellt Einari ofan á afturenda bílsins sem hann og Anika voru í og slagsmálin síðan færst upp á grasið aftur og Einar þá legið í grasinu. Sagðist Andri hafa séð þegar Tindur, Helgi og Þórður hafi sparkað í Einar. Hafi þeir allir sparkað í Einar þar sem hann hafi legið óvígur í grasinu. Hafi Tindur staðið við höfuð Einars en hann muni ekki hvoru megin Helgi og Þórður hafi staðið.

Vitnið Arnar Snorri Gíslason skýrði svo frá hjá lögreglu og fyrir dómi að fljótlega eftir að þau hafi verið komin inn í húsið að Bæjargili 63 hafi Helgi farið að tala við hann um atburð sem átt hafi sér stað fyrir nokkru síðan. Stuttu síðar hafi Helgi farið að rifast við Kjartan um sama mál. Allt í einu hafi hann séð Helga kýla Kjartan en Arnar kvaðst hafa staðið á milli þeirra. Arnar kvaðst hafa dregið Helga í burtu og Kjartan forðað sér út úr húsinu. Helgi hafi hins vegar rokið út á eftir honum. Hann hafi séð Helga, Tind og Þórð koma út og Tind með sveðju eða stóran hníf. Tindur hafi otað hnífnum að Kjartani. Kjartan hafi hörfað undan og að lokum hlaupið í burtu. Þremmenningarnir hafi þá hlaupið á eftir Kjartani. Arnar kvaðst

hafa hugsað sig stutta stund um hvort hann ætti að fara inn og ná í skóna sína en ákveðið að hlaupa frekar af stað á eftir þeim. Hann kvaðst hafa náð Helga, Tindi og Þórði þar sem þeir voru búnir að ná Kjartani við hringtorgið í Bæjargili. Hjá lögreglu sagði hann að þeir hafi verið búnir að skella Kjartani í jörðina og staðið yfir honum og sparkað í hann. Fyrir dómi breytti Arnar framburð sínum að því leyti að hann kvaðst núna ekki muna þetta atriði nákvæmlega. Myndi hann aðeins nú að ákærðu hefðu allir staðið yfir Kjartani er hann hafi komið að og allir verið á iði eins og hann orðaði það. Arnar kvað Kjartan hafa staðið á fætur og forðað sér. Arnar kvaðst nú hafa gengið til baka áleiðis að heimili Þórðar og hafi Helgi, Þórður og Tindur fylgt honum. Hann kvaðst hafa mætt Einari á leiðinni og séð hvar Anika kom akandi á eftir Einari. Einar hafi farið að kalla til þremminganna hvers vegna þeir hafi verið að berja Kjartan. Helgi, Tindur og Þórður hafi svarað fyrir sig og hafi það endað með rifrildi. Arnar kvaðst hafa reynt að fá Einar með sér inn í bílinn til Aniku en hann hafi hins vegar orðið æstur og ekki viljað fara inn í bílinn. Helgi, Tindur og Þórður hafi nú ráðist að Einari og hafi hann reynt að verja hann eftir bestu getu en ekki mátt sín mikils. Arnar kvaðst hafa séð Tind vera kominn með þá sömu sveðju og hann hafi verið með fyrir framan heimili Þórðar. Hafi Tindur ítrekað hoppað um og hoggið með sveðjunni til Einars. Kvaðst Arnar hafa reynt að verja Einar fyrir sveðjuhöggunum og við það skorist á löngutöng og vísifingri vinstri handar auk þess sem nögl á baugfingri hafi skorist. Þremmingunum hafi tekist að sparka Einar niður og hafi hann legið á jörðinni í fósturstellingu til að hlífa sér við spörkum þeirra. Ekki kvaðst Arnar hafa séð hvort Tindur hafi hoggið með sveðjunni til Einars eftir að hann féll í jörðina. Allt í einu hafi þremmingarnir hætt og Einar þá staðið upp og farið inn í bifreiðina til Aniku sem hafi ekið honum beina leið upp á slysadeild.

Anna Þórðardóttir, móðir ákærða Þórðar, kvaðst ekki hafa orðið vör við að það vantaði hnifa úr eldhúsinu hjá sér að Bæjargili 63.

Kári Grétarsson, faðir ákærða Þórðar, sagði að vopnaskápur hans í bílskúrnum að Bæjargili 63 sé ætíð læstur og hann einn með lykil að honum.

Þá komu fyrir dóminn og gáfu skýrslur Claudía Ósk Hoeltej, taugasálfræðingur, lögreglumennirnir Guðjón Rúnar Sveinsson, Helgi Gunnarsson, Kristján Ó. Guðnason, Bjarni Bjarnason og Björgvin Sigurðsson. Læknarnir Theódór Friðriksson og Björn Pétur Sigurðsson gáfu skýrslu og staðfestu framlögð læknisvottorð. Að lokum gaf skýrslu fyrir dómi Ólafur Árni Hafþórsson en hann var staddur í samkvæminu að Bæjargili 63 í umrætt sinn.

Vitnið Kjartan Ingi Árnason fór á slysadeild Landspítalans í Fossvogi. Í læknisvottorði Theodórs Friðrikssonar frá 6. október 2005 segir meðal annars:

*„Við skoðun er hann með áverka í andliti, 1/2 cm grunnan skurð á vi. augabrún. Hrufl undir vi. auga u.þ.b. 1/2 cm í þvermál. Það eru þreifiefmysli í kringum þessi sár og roði en ekki mikil bólga. Á baki vi. megin fyrir neðan herðablað er u.þ.b. 10 cm löng grunn rispa. Á vi. öxl er lítið hrufl og í vi. handarkrika er 10-15 sm löng grunn rispa. Á hæ. öxl er u.þ.b. 1 cm stórt hruflsár og mar þar í kring. Á hæ. olnboga eru rispur og u.þ.b. 1 1/2 cm skurður sem nær rétt í gegnum húðina. Sár á olnboga var saumað með 2 sporum. Það voru ekki önnur sár sem að kröfðust neinna aðgerða. Það var enginn brotgrunur neins staðar.*

*Greining SBD var sár í andliti, mar í andliti, mar og sár á baki, mar og sár á öxl, sár á olnboga, sár á hendi.*

Áverkar Kjartans eru samkvæmt áverkalýsingu að hann hafi orðið fyrir áverkum á hendur og axlir þegar hann reyndi að verja sig. Þessir áverkar ættu að gróa og jafna sig á tíu dögum til hálfum mánuði. Ekki er reiknað með varanlegum afleiðingum.“

Í læknisvottorði sama læknis frá 6. október 2005 vegna Einars Ágústs Magnússonar segir meðal annars:

*„Við skoðun þá er Einar með eðlilega meðvitund. Hann er alblóðugur í andliti og fót hans eru einnig blóðug. Hann er með þverstætt sár hæ. megin á hvirfli framarlega. Það nær niður undir kollvik hæ. megin og heldur áfram grunn rispa niður á andlitið. Þessi skurður er ca 7 cm langur. (Sést á meðfylgjandi myndum nr. 1, 2 og 3). Á hnakka aðeins vi. megin við miðlínu er 9-10 cm bogalaga skurður. (Sést á myndum nr. 4, 5 og 6 meðfylgjandi). Þessir skurðir eru báðir alveg gegnum höfuðleðrið, djúpir og sést sprunga í höfuðkúpu í botni beggja þessara sára. Hann er svo með grunnan skurð í hnakkagróf, (sést á meðfylgjandi myndum nr. 7 og 8). Þessi skurður er 4-5 cm og fremur grunnur flípalaga skurður og nær ekki djúpt inn í holdið.*

*Eftir að hann hefur verið þrífinn þá kemur í ljós að hann er með áverka í andliti þá hugsanlega eftir högg. Innan á neðri vör hæ. megin er lítið sár og hann er bólgin og svolítið aumur á bæði efri og neðri vör þá hugsanlega eftir einhvers konar högg.*

*Á efra augnloki hæ. megin er hruflsár og væg bólga, eymsli og mar umhverfis augað. Ekki virðast vera aðrir áverkar í andliti. (Þessir áverkar sjást á meðfylgjandi myndum nr. 9 og 10). Á hæ. upphandlegg eru tvær grunnar stuttar rispur sem rétt ná í gegnum húðina en valda ekki dýpra sári.*

*Þær eru sitt hvoru megin við húðflúr sem hann er með á öxlinni. Ofarlega á baki er þverstæð fast að því 20 cm löng grunn húðrispa. Neðar á bakinu er svipuð rák en það er einungis hrufl í húðina ca 1 cm breitt og eymsli þar í kring. (Þessir áverkar sjást á mynd nr. 13 og 14).*

---

*Á hæ. hendi er hann með mikinn áverka. (Sést á myndum 11 og 12). Þetta gæti hugsanlega verið eftir að hann hafi borið fyrir sig hendi eða reynt að verja sig og fengið högg af þungum hníf eða sveðju. Þetta er sár sem byrjar upp við grunnlið vísifingurs og liggur upp eftir greipinni upp undir liðamótin milli handarkjúku I og II. Eins og sést á meðfylgjandi myndum er þetta mjög djúpt sár. Samkvæmt nótu handaskurðlæknis sem að síðar gerði að þessu sári þá voru þarna sundur þumalvöðvar, einnig fingurtaugar og slagæðar í fingurinn.*

*Miðað við höfuðáverka verður að telja líklegt að um frekar þungt og beitt verkfæri hafi verið að ræða þar sem að sár sést í beinhimnu og höfuðkúpa sprungin undir.*

*Það var fengin sneiðmynd af höfði sem að sýndi sprungur í höfuðkúpu á tveimur stöðum þar sem að sárin voru. Einnig var örlítill blæðing á yfirborði heilans sem að sennilega er bein afleiðing af höfuðkúpubrotinu en ekki um að ræða alverlegan innankúpu áverka. Bæði sárin á höfði og sárið á hnakkanum voru saumuð saman á SBD. Það var búið um sár á hendi og Einar var lagður inn á skurðdeild til væntanlegrar aðgerðar á hendinni næsta dag. Björn Pétur Sigurðsson handaskurðlæknir gerði síðan að þessu sári á skurðstofu næsta dag og þar mun hafa komið í ljós eins og áður er getið að um var að ræða áverka á fingurtaug, slagæðar og vöðva þumalfingurs.*

*Greiningar SBD voru höfuðhögg, sár á höfði, höfuðkúpubrot, mar í andliti, sár á hendi, sár í munnholi, sár við auga, sár á öxl, sár á baki, mar á baki og mar í andliti.*

*Reikna má með að sár á höfði grói á tíu dögum til tveimur vikum. Það tekur hins vegar ör u.þ.b. sex mánuði til ár að öðlast sitt endanlega útlit. Höfuðkúpubrot ætti að gróa á nokkrum vikum. Þar sem um var að ræða áverka á taugar og vöðva í hendinni er mögulegt að þar sé um að ræða einhvern varanlegan skaða en væntanlega mun tíminn leiða slíkt í ljós.“*

*Björn Pétur Sigurðsson bæklunar- og handarskurðlæknir hefur annast Einar Ágúst eftir líkamsárásina. Í vottorði hans frá 4. nóvember 2005 segir meðal annars: „Á skurðstofu var gerð aðgerð á hægri hendi í svæfingu. Höndin var skorin milli þumalfingurs og vísifingurs næstum niður að úlnlið. Smávöðvar sem stýra hreyfingu þumals og vísifingurs voru ýmist að öllu leyti eða að miklu leyti sundurskornir. Taugin sem sér þumalhlið vísifingurs fyrir skyni var skorin sundur á tveimur stöðum. Stór slagæð til vísifingurs var skorin í sundur en fingurinn hélt lífi á stórri slagæð hinum megin á fingrinum. Vöðvar, sinar og taug voru saumuð saman. Höndin var að lokum gipsuð. Sjúklingur fór síðan heim eftir skamma veru á legudeild.*

*Sjúklingur kom til umbúðaskipta 12.10.2005 á göngudeild G3 LSH í Fossvogi. Sárin á höfði og hægri hendi voru í góðum gróanda án sýkingamerkja. Saumar voru teknir. Hann fékk nýtt gips á hægri höndina. Gipsið var tekið af hægri hendi 26.10. Þá hófst sjúkrapjálfun á hendinni.*

*Horfur hans eru á þessari stundu þær að líklega mun hann ekki hljóta varanleg mein vegna sprunganna í höfuðkúpu eða blæðingar á yfirborði heila. Þetta er þó óvíst og líklegustu eftirstöðvar yrðu þá höfuðverkur af og til. Það er ljóst að hægri höndin mun aldrei verða söm og áður. Þar sem svo mikill áverki varð á smávöðvum þumals og vísifingurs er líklegt að fínhreyfingar á þessum fingrum verði síðri en áður. Taugin til þumalhliðar vísifingurs var sem áður segir í sundur á tveimur stöðum og ólíklegt að skynjun á þeirri hlið vísifingurs verði eins og áður. Algeng afleiðing taugaáverka á hendi er kuldaþol í einhver ári eða um alla framtíð.*

*Sjúklingur verður áfram í eftirliti handarskurðlækna á LSH í Fossvogi enn um sinn.“*

## Niðurstaða.

1. Í þessum þætti málsins er ákærði Helgi Guðmundsson ákærður fyrir að hafa kýlt Kjartan Inga Árnason með krepptum hnefa í andlitið svo af hlaust hrufll og bólga yfir vinstra kinnbeini.

Fram hefur komið í málinu að vitnin Kjartan, Einar, Anika, Arnar og Andri komu saman í samkvæmið að Bæjargili 63 í Garðabæ og höfðu ekki dvalið þar lengi þegar í ljós kom að Helga var eitthvað uppsigað við Kjartan. Arnar gekk á milli og taldi að sér hefði tekist að róa Helga. Þá sló Helgi skyndilega til Kjartans sem hafði staðið fyrir aftan Arnar í forstofunni. Kjartan hefur borið að hann hafi fengið bylmingshögg og kastast til en ekki dottið. Höggið hafi lent á vinstra kinnbeini. Ákærði Helgi mundi ekki hjá lögreglu hvort hann hefði kýlt Kjartan en fyrir dómi viðurkenndi hann það. Anika sá Helga slá til Kjartans en var ekki viss um hvort höggið hitti hann. Andri sá Helga einnig slá til Kjartans en kvaðst ekki hafa séð hvort höggið lenti á Kjartani eða hvort það geigaði.

Samkvæmt framansögðu telst komin fram sönnun fyrir því að Helgi hafi slegið til Kjartans með þeim afleiðingum sem í ákæru greinir. Ákærði Helgi hefur því gerst sekur um líkamsárás í umrætt sinn og varðar brot hans við 1. mgr. 217. gr almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981.

2. Ákærða Tindi er gefið að sök að hafa ógnað Kjartani með stórum hnífi eða sveðju með því að ota vopninu að Kjartani þar sem hann var staddur í anddyrinu á Bæjargili 63 og með þessari háttsemi vakið hjá Kjartani ótta um líf sitt. Fyrir dómi dró Kjartan framburð sinn hjá lögreglu til baka um að honum hafi staðið ógn af þessari háttsemi Tinds. Sagði hann fyrir dómi að eftir á að hyggja hafi hann ekki upplifað þennan atburð í þá veru heldur hafi Tindur aðallega notað vopnið með því að leggja áherslu á orð sín þegar hann hafi sagt honum „að drulla sér út“.

Í ljósi þessa breytta framburðar ber að sýkna ákærða Tind af þessum lið ákæru fyrir brot gegn 233. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

3. Ákærðu Helga, Tindi og Þórði er öllum gefið að sök að hafa ráðist að Kjartani við hringtorg við enda Bæjargils í Garðabæ. Ákærða Þórði er gefið að sök að hafa tekið Kjartan hálstaki og snúa hann niður og ákærðu öllum gefið að sök að hafa sparkað í Kjartan þar sem hann lá í götunni.

Framburður ákærðu er rakinn hér að framan. Tindur neitaði alfarið sök og sagðist aðeins hafa séð Þórð ná Kjartani og hafi Þórður og Helgi farið að „ræða við Kjartan“. Þegar Tindur hafi komið á vettvang hafi Kjartan hlaupið í burtu. Fyrir dómi kvaðst Helgi muna lítið frá þessum atburði en hafði sagt hjá lögreglu að hann hafi líklegast sparkað tvisvar í Kjartan er hann var að falla í jörðina. Þórður mundi að hann hefði hlaupið á eftir Kjartani og „náð“ honum. Hafi hann spurt Kjartan hvað það ætti að þýða að vera með „vesen“. Helgi hafi þá komið og Kjartan og Helgi eitthvað ýtt hvor í annan. Meira hafi ekki gerst og Kjartan farið í burtu.

Þessi frásögn ákærðu er mjög ósannfærandi og verður henni vikið að öllu leyti til hliðar enda vandséð hvernig Kjartan hlaut áverkana ef ákærðu voru aðeins að spjalla við hann. Verður litið svo á að Kjartan hafi verið á flótta undan ákærðu sem veittu honum eftirför en áður hafði ákærði Helgi kýlt Kjartan og kastað dós í hann. Í beinu framhaldi af árásinni hringdi Kjartan í neyðarlínu og fór á slysavardstofu. Samtal Kjartans við neyðarlínu var hljóðritað og hefur afrit þess verið lagt fram í málinu. Segir hann þar að þrír hafi ráðist á sig. Fram hefur komið að Arnar hljóp á eftir þeim og hjá lögreglu sagði hann að ákærðu hafi staðið yfir Kjartani þegar hann hafi komið á vettvang og verið að sparka í hann. Fyrir dómi treysti Arnar sér ekki til að fullyrða að hann hafi séð ákærðu sparka en sagðist muna að þeir hafi allir staðið yfir Kjartani og verið á iði eins og hann orðaði það. Kjartan hefur fullyrt að haf séð Tind og Helga sparka í sig en var ekki viss um að hafa séð Þórð gera það. Þykir því varhugavert að fella sök á ákærða Þórð og verður hann sýknaður af því að hafa sparkað í Kjartan en sakfelldur fyrir að taka Kjartan hálstaki og fella hann í jörðina. Þessi atlega Tinds og Helga gat verið stórhættuleg en Kjartan reyndi að verja líkama sinn með því að hnipra sig saman í fósturstellingu og halda um höfuðið. Brot ákærðu eru í ákæru réttilega færð undir 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981.

4. Í þessum lið ákærunnar er ákærði Tindur ákærður fyrir tilraun til manndráps með því að hafa ráðist að Einari Ágústi Magnússyni vopnaður stórum hnífi eða sveðju og höggvið ítrekað í höfuð hans og líkama.

Ákærði neitaði sök hjá lögreglu en fyrir dómi breytti hann framburði sínum og játaði að hafa verið með stóran eldhúshníf er hann réðst á Einar. Vitnið Arnar kvaðst hafa séð ákærða Tind hoppa um og höggva ítrekað til Einars. Vitnin Anika og Andri voru stödd í bíl rétt hjá þeim stað þar sem árásin var gerð og sáu þau bæði Tind höggva með sveðju eða hnífi í Einar. Þá sáu vitnin alla ákærðu sparka í Einar þar sem hann lá óvígur í jörðinni. Ákærði Tindur hefur borið því við að hann hafi ekki fyllilega gert sér grein fyrir að hann hafi verið með vopn í hendinni. Hafi hann setið í eldhúsinu að Bæjargili 63 og verið að handleika eldhúshníf þegar hann hafi séð fram í forstofu að Helgi var að rífast við Kjartan. Hann hafi ómeðvitað verið með hnífinn í hendinni þegar hann hafi hlaupið út á eftir strákunum. Þegar hann hafi verið að slást við Einar hafi hann ekki fyllilega gert sér grein fyrir að hann væri með hættulegt vopn í hendinni.

Samkvæmt fyrirliggjandi læknisvottorðum er það mat læknis að eggvopni hafi verið beitt með þeirri afleiðingu að Einar hlaut tvo langa og djúpa skurði á höfði og sprungur í höfuðkúpu. Þá hlaut hann blæðingu á yfirborði heilans og mikinn skurð á hægri hendi með þeim afleiðingum að í sundur fóru vöðvar, taugar og slagæð í hendinni.

Með vísan til framanritaðs telst sannað að ákærði hafi ráðist að Einari með þeim hætti sem í ákæru greinir og með atlögu sinni orðið valdur að þeim áverkum sem þar er lýst.

Af hálfu ákæruvaldsins er því haldið fram að ákærði hafi með árás sinni gerst sekur um brot gegn 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga. Um heimfærslu til refsíákvæðis verður fyrst vikið að því áhaldi sem ákærði beitti við árásina.

Þrátt fyrir mikla leit lögreglu fannst vopnið ekki. Ákærði kvaðst hafa hent því inn á lóð stutt frá árásarstaðnum. Í læstri hirslu í bílskúr að Bæjargili 63 var geymd sveðja sú sem hald var lagt á. Þessi sveðja, sem er nokkuð stór og þung, var sýnd vitnum við aðalmeðferð málsins. Þau treystu sér ekki til að slá neinu föstu um hvort þessi sveðja væri það vopn sem þau sáu ákærða Tind með. Nokkrum þeirra fannst sveðjan vera stærri en sú sem ákærði hélt á. Er því ekki upplýst í málinu hvaða vopni var beitt. Tvö vitni sögðu að það hafi líkst arabasveðju en ákærði sagði að það hafi verið stór eldhúshnífur úr eldhúsinu að Bæjargili 63. Húsmóðirin að Bæjargili 63 kom fyrir dóm og kannaðist ekki við að hnífur hefði horfið úr eldhúsinu hjá henni. Verður því engu slegið föstu um vopnið en ljóst er þó að það var einhvers konar hnífur af stærri gerð eða sveðja og líklegast með bognu blaði. Þá taldi læknir líklegt að frekar þungu verkfæri hafi verið beitt þar sem sprunga kom í höfuðkúpu brotþola Einars.

Verður nú vikið að þeirri hættu sem árásin hafði í för með sér og hver tilgangur ákærða hafi verið. Ljóst er að árásin var stórhættuleg. Samkvæmt læknisvottorði og vitnaframburði lækna hér fyrir dómi mátti ekki miklu muna að ekki færi verr. Tveir skurðir á höfði voru alveg í gegnum höfuðleðrið og sprunga sást á höfuðkúpu undir báðum skurðunum. Mikill áverki var á hægri hendi. Var hún skorin á milli þumalfingurs og vísifingurs næstum niður að úlnlið. Þessi árás ákærða með hættulegu vopni var beinskeitt og án nokkurs réttlætanlegs tilefnis. Þetta vopn var augljóslega til þess fallið að bana manni og ákærði beitti því að höfði Einars. Vitni segja að ákærði hafi hoggið með vopninu en ekki beitt því eins og um hníf væri að ræða. Ákærða hlaut að vera þetta ljóst og réði hending því að ekki hlaut bani af. Verður samkvæmt þessu litið á atlögu ákærða sem tilraun til manndráps og háttsemi hans talin varða við 211. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

5. Í þessum lið ákæru er ákærða gefið að sök líkamsárás gegn Arnari Snorra Gíslasyni með því að veita honum áverka með fyrnefndu vopni er Arnar reyndi að verja Einar Ágúst. Við þetta hlaut Arnar rispu á vinstra brjósti, skurðsár á löngu töng og vísifingri og skurð á nögl á baugfingri vinstri handar.

Með vætti vitna, sem rakin eru hér að framan, þykir þessi háttsemi ákærða Tinds sönnuð og varðar brot hans við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

6. Ákærði hefur játað að hafa haft í vörslum sínum 0,28 g af tóbaksblönduðu hassi og svokallaðan „butterfly” hníf. Telst sök hans sönnuð samkvæmt þessum lið ákæru og er brot hans rétt fært til refsíákvæða í ákæru hvað þennan lið varðar.

### **Refsíákvörðun.**

Ákærði Tindur Jónsson er fæddur 1987. Hann hlaut þann 17. maí 2004 þriggja mánaða skilorðsbundinn dóm til tveggja ára fyrir líkamsárás, eignaspjöll og fikniefnalagabrot. Hann er nú að rjúfa skilorð þessa dóms. Ákærði hefur verið fundinn sekur í fyrsta lagi um hættulega líkamsárás gagnvart Gunnari Lúðvík Nelson, með því að slá hann ítrekað 21. ágúst 2005 með vopni sem á voru einn eða

fleiri gaddar. Í öðru lagi hefur ákærði verið fundinn sekur fyrir að hafa við fimmta mann ráðist að Herði Harðarsyni og slegið hann í höfuðið svo að hann féll í jörðina og fyrir að hafa sparkað í höfuð hans og líkama. Í þriðja lagi fyrir samskonar brot gegn Kjartani Inga Árnasyni, að hafa sparkað í hann þar sem hann lá í götunni. Í fjórða lagi fyrir tilraun til manndráps með því að hafa ráðist að Einari Ágústi Magnússyni með sveðju eða stórum hnífi. Í fimmta lagi fyrir hættulega árás gegn Arnari Snorra Gíslasyni er hann reyndi að verja Einar Ágúst. Í sjötta lagi hefur ákærði verið fundinn sekur fyrir brot gegn fíkniefnalöggjöfinni og vopnalögum.

Sem áður sagði hefur ákærði nú rofið skilorð dómsins frá 17. maí 2004 og verður hann því dæmdur upp og ákærða gerð refsing í einu lagi samkvæmt 60. og 77. gr. almennra hegningarlaga.

Þær líkamsárásir sem ákærði hefur nú verið sakfelldur fyrir voru allar sérstaklega ófyrirleitnar. Í þrjú skipti beitti ákærði vopni og í tvö skipti sparkaði hann í liggjandi mann. Tilefni árásanna var jafnan lítið eða ekki neitt og allavega ekki í neinu réttlætlanlegu samhengi við það sem undan var gengið. Þegar allt þetta er haft í huga og með hliðsjón af 1., 3. og 6. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga svo og 2. mgr. sömu greinar þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 6 ár. Til frádráttar refsingunni kemur gæsluvarðhald ákærða frá 2. október 2005 fram að dómsuppsögu með fullri dagatölu.

Ákærðu Helgi Mar Finnbogason, Árni Þór Skúlason og Þorsteinn Pálsson, eru allir fæddir 1987. Enginn þeirra hefur áður gerst sekur um refsiverða háttsemi. Þeir hafa allir verið fundnir sekir um að ráðast að Herði Harðarsyni 13. maí 2005, slá hann í höfuðið, fella hann í jörðina og sparka í höfuð hans og líkama. Þessi árás var gjörsamlega tilefnislaus og dæmin sanna að slíkar árásir geta haft hættulegar afleiðingar í för með sér fyrir þá sem fyrir þeim verða. Þá hefur Helgi Mar verið fundinn sekur um að slá Kristjönu F. Sigursteinsdóttur í andlitið með glerflösku. Sú árás var einnig með öllu tilefnislaus og stórhættuleg. Refsing ákærðu Árna Þórs og Þorsteins verður ákveðin fjögurra mánaða fangelsi og refsing ákærða Helga Mar fangelsi í sex mánuði. Refsing þessara ákærðu er ákveðin með hliðsjón af 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga og varðandi Helga Mar ennfremur með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga. Rétt þykir með vísan til sakaferils ákærðu að skilorðsbinda refsingu þeirra og niður skal hún falla að liðnum þremur árum haldi ákærðu almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði Helgi Guðmundsson er fæddur 1987 og hefur verið fundinn sekur um að hafa þann 2. október kýlt Kjartan Inga Árnason innandyra að Bæjargili 63 og fyrir að hafa ráðist að Kjartani Inga stuttu síðar ásamt meðákærðu Tindi og Þórði. Þá spörkuðu Helgi og Tindur í Kjartan eftir að Þórður hafði fellt hann í jörðina. Ákærðu spörkuðu meðal annars í höfuð Kjartans og eins og áður sagði getur slík atлага verið stórhættuleg. Þessi árás á Kjartan Inga var gerð í sameiningu af ákærðu Helga, Tindi og Þórði en þeir eltu Kjartan uppi án nokkurs réttlætlanlegs tilefnis, til þess eins að valda honum tjóni. Við ákvörðun refsingarinnar verður lítið til 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga og ennfremur til 77. gr. sömu laga hvað ákærða Helga varðar. Ákærði Helgi hefur ekki áður hlotið refsingu. Refsing hans þykir hæfilega ákveðin fjögurra mánaða fangelsi en rétt þykir að skilorðsbinda refsinguna og niður skal hún falla að liðnum þremur árum haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Til frádráttar refsingu kemur gæsluvarðhaldsvist hans frá 2.-5. október 2005 með fullri dagatölu.

Ákærði Þórður er fæddur 1987. Hann hefur verið fundinn sekur um að taka þátt í ofangreindri líkamsárás gegn Kjartani Inga. Ákærði Þórður elti Kjartan Inga uppi, sneri hann niður með hálstaki en hefur verið sýknaður af því að hafa sparkað í Kjartan. Ákærði Þórður framdi brotið í sameiningu með öðrum og verður því höfð hliðsjón af 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Sakaferill ákærða er þannig að ákvörðun refsingar var frestað skilorðsbundið í tvö ár á hendur honum þann 22. janúar 2004 fyrir brot gegn 1. mgr. 217. gr. og 231. gr. almennra hegningarlaga. Þá var hann dæmdur í sekt fyrir ölvunarakstur 29. nóvember 2004 og sviptur ökuleyfi. Ber að taka dóminn frá 22. janúar 2004 upp og dæma refsingu í einu lagi, sbr. 60. gr. og 77. gr. almennra hegningarlaga. Refsing hans nú þykir hæfilega ákveðin þriggja mánaða fangelsi en fresta skal fullnustu refsingarinnar og niður skal hún falla að liðnum þremur árum haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Til frádráttar refsingu kemur gæsluvarðhaldsvist hans frá 2.-5. október 2005 með fullri dagatölu.

### **Upptökukrafa.**

Samkvæmt 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni og samkvæmt 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001 verður ákærða Tindi gert að sæta upptöku á 0,38 g af tóbaksblönduðu hassi. Samkvæmt 1. mgr. 37. gr. vopnalaga nr. 16/1998 verður ákærða Tindi ennfremur gert að sæta upptöku á „butterfly“ hnífi.

### **Skaðabótakröfur.**

Gunnar Lúðvík Nelsson krefur ákærða Tind um miskabætur að fjárhæð 700.000 krónur auk dráttarvaxta frá 21. september 2005 til greiðsludags og lögfræðikostnað að fjárhæð 124.500 krónur. Skilyrði eru til að dæma ákærða til að greiða Gunnari miskabætur samkvæmt 26. gr. laga nr. 50/1993 og þykja þær hæfilega ákveðnar 250.000 krónur. Bera þær vexti samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 21. ágúst 2005 til 30. desember 2005 en ákærða var kynnt bótakrafan 30. nóvember 2005. Frá 30. desember 2005 til greiðsludags greiði ákærði dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laganna.

Kjartan Ingi Árnason krefst miskabóta úr hendi ákærðu Tinds, Helga Guðmundssonar og Þórðar að fjárhæð 500.000 krónur auk vaxta. Hér að framan hefur dómurinn komist að þeirri niðurstöðu að sýkna beri ákærða Þórð af því að hafa sparkað í Kjartan og valda honum með því tjóni. Skilyrði eru samkvæmt 26. gr. laga nr. 50/1993 að dæma ákærðu Tind og Helga Guðmundsson til þess að greiða Kjartani miskabætur og þykja þær hæfilega ákveðnar 200.000 krónur. Ákærða Tindi var birt krafan 14. nóvember 2005 en ákærða Helga 20. október 2005. Vextir dæmast eins og í dómsorði greinir.

Einar Ágúst Magnússon sundurliðar kröfu sína þannig á hendur ákærða Tindi að hann krefst 91.800 króna vegna þjáningabóta í 90 daga, 1.020 krónur á dag, sbr. 3. gr. skaðabótalaga. Þá krefst hann 750.000 króna miskabóta samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga, 3674 króna vegna sjúkrakostnaðar, sbr. 1. gr. skaðabótalaga, 47.950

króna vegna munatjóns og að lokum krefst hann lögfræðikostnaðar að fjárhæð 102.280 króna eða samtals 995.704 króna.

Viðhlítandi gögn hafa verið lögð fram til stuðnings því að Einar Ágúst eigi rétt til þjáningabóta í 60 daga að fjárhæð 61.200 krónur. Samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga á Einar Ágúst einnig rétt til miskabóta sem þykja hæfilega ákveðnar 600.000 krónur. Krafa hans um sjúkrakostnað að fjárhæð 3.674 krónur verður ennfremur samþykkt. Ekki þykir fært að fallast á kröfu brotþola vegna munatjóns þar sem hún þykir ekki nægilega rökstudd. Krafa vegna lögfræðikostnaðar fellur undir réttargæslu og sakarkostnað og er fjallað um þann kostnað hér að neðan. Skaðabótakrafa Einars Ágúst verður því tekin til greina með samtals 664.874 krónum. Vextir dæmast eins og í dómsorði greinir en ákærða Tindi var birt bótakrafa Einars að fjárhæð 940.867 krónur þann 20. október 2005.

### **Sakarkostnaður.**

Ákærði Tindur greiði skipuðum verjanda sínum, Jóhnesi Rúnari Jóhannssyni hrl., 1.400.000 krónur í málsvarnarlaun, þ.m.t. verjandastörf á rannsóknarstigi, ákærði Helgi Guðmundsson greiði Guðmundi Óla Björgvinssyni hdl., 350.000 krónur í málskostnað, ákærði Þórður Kárasón greiði Jóni Egilssyni hdl., 350.000 krónur í málskostnað, ákærði Árni Þór Skúlason greiði Ástu Sóllilju Sigurbjörnsdóttur hdl., 350.000 krónur í málskostnað, ákærði Helgi Mar Finnbogason greiði Guðmundi Ágústssyni hdl., 350.000 krónur í málskostnað og ákærði Þorsteinn Pálsson greiði Hilmar Magnússyni hrl., 350.000 krónur í málskostnað. Virðisaukaskattur er innifalinn í tildæmdum málsvarnarlaunum.

Þóknun réttargæslumanna telst til sakarkostnaðar samkvæmt a-lið 1. mgr. 164. gr. laga nr. 19/1991. Þóknun Kristins Bjarnasonar hrl., skipaðs réttargæslumanns Gunnars Lúðvíks Nelson, ákvarðast 160.000 krónur. Þóknun Guðrúnar Sesselju Arnardóttur hdl., skipaðs réttargæslumanns Kjartans Inga Árnasonar, ákvarðast 160.000 krónur og þóknun Gríms Sigurðarsonar hdl., skipaðs réttargæslumanns Einars Ágúst Magnússonar, ákvarðast 160.000 krónur. Virðisaukaskattur er innifalinn í tildæmdum launum.

Annar sakarkostnaður samkvæmt sakarkostnaðaryfirliti er læknisvottorð Gunnars Lúðvíks Nelson að fjárhæð 23.200 krónur sem ákærði Tindur verður dæmdur til að greiða. Ákærði Tindur verður einnig dæmdur til að greiða læknisvottorð Arnars Snorra Gíslasonar að fjárhæð 18.200 krónur og læknisvottorð Einars Ágúst Magnússonar að fjárhæð 20.700 krónur. Ákærðu Tindur og Helgi Guðmundsson verða í sameiningu dæmdir til að greiða læknisvottorð Kjartans Inga Árnasonar að fjárhæð 20.700 krónur. Þá verður ákærði Helgi Mar dæmdur til að greiða læknisvottorð Kristjönu F. Sigursteinsdóttur að fjárhæð 23.200 krónur. Ákærðu Tindur, Helgi Mar, Þorsteinn og Árni Þór verða dæmdir til þess að greiða læknisvottorð Harðar Harðarsonar að fjárhæð 25.700 krónur.

Í yfirliti saksóknara kemur einnig fram kostnaður vegna kokaíns-, kannabínóíð-, etanol- og amfetamínákvörðunar. Ekki þykja efni til þess eins og hér háttar að fella þann kostnað á ákærðu. Þessi kostnaður, að fjárhæð samtals 421.563 krónur, er felldur á ríkissjóð. Hins vegar verður ákærði Tindur dæmdur til þess að greiða

kostnað samfara DNA rannsókn að fjárhæð 271.732 krónur.

Af hálfu ákærvaldsins var málið sótt af Sigríði Friðjónsdóttur saksóknara.

Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari og sem dómsformaður, Arnfríður Einarsdóttir héraðsdómari og Guðmundur L. Jóhannesson héraðsdómari, kveða upp dóm þennan.

## **DÓMSORÐ:**

Ákærði, Helgi Mar Finnbogason, sæti fangelsi í sex mánuði.

Ákærðu, Helgi Guðmundsson, Árni Þór Skúlason og Þorsteinn Pálsson, sæti fangelsi í fjóra mánuði. Ákærði, Þórður Kárason, sæti fangelsi í þrjú mánuði. Gæsluvarðhaldsvist Helga Guðmundssonar og Þórðar Kárasonar frá 2.-5. október 2005 kemur til frádráttar refsingu með fullri dagatölu.

Fresta skal refsingu ofangreindra ákærðu í þrjú ár haldi þeir almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði, Tindur Jónsson, sæti fangelsi í 6 ár. Gæsluvarðhaldsvist hans frá 2. október 2005 til dagsins í dag kemur til frádráttar með fullri dagatölu.

Ákærði Tindur greiði Gunnari Lúðvík Nelson, 250.000 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 21. ágúst 2005 til 30. desember 2005 en frá þeim degi til greiðsludags greiði ákærði dráttarvexti skv. 1. mgr. 6. gr. laganna.

Ákærðu Tindur og Helgi Guðmundsson, greiði Kjartani Inga Árnasyni, 200.000 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 2. október 2005 til 20. nóvember 2005. Frá þeim degi til greiðsludags beri krafan dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laganna gagnvart ákærða Helga Guðmundssyni en frá 14. desember 2005 gagnvart ákærða Tindi. Ákærði Tindur greiði Einari Ágústi Magnússyni 664.874 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 2. október 2005 til 20. nóvember 2005 en frá þeim degi til greiðsludags greiði ákærði dráttarvexti skv. 1. mgr. 6. gr. laganna.

Upptæk skulu 0,28 g af tóbaksblönduðu hassi og „butterfly“ hnífur.

Ákærðu greiði málsvarnarlaun skipaðra verjanda sinna sem hér segir: Ákærði Tindur 1.400.000 krónur til Jóhannesar Rúnars Jóhannssonar hrl., ákærði Helgi Guðmundsson 350.000 krónur til Guðmundar Óla Björgvinssonar hdl., ákærði Þórður Kárason 350.000 krónur til Jóns Egilssonar hdl., ákærði Árni Þór Skúlason 350.000 krónur til Ástu Sóllilju Sigurbjörnsdóttur hdl., ákærði Helgi Mar 350.000 krónur til Guðmundar Ágústssonar hdl. og ákærði Þorsteinn 350.000 krónur til Hilmars Magnússonar hrl.

Ákærði Tindur greiði þóknun réttargæslumanns Gunnars Lúðvíks Nelson, Kristins Bjarnasonar hrl, 160.000 krónur og þóknun réttargæslumanns Einars Ágúst Magnússonar, Gríms Sigurðssonar hdl., 160.000 krónur. Ákærðu Tindur og Helgi Guðmundsson greiði sameiginlega þóknun réttargæslumanns Kjartans Inga Árnasonar, Guðrúnar Sesselju Arnardóttur hdl., 160.000 krónur

Annar sakarkostnaður, sem er samtals 403.432 krónur, greiði ákærði Tindur með 350.607 krónum, ákærði Helgi Guðmundsson með 10.350 krónum, ákærði Árni Þór með 6.425 krónum, ákærði Helgi Mar með 29.625 krónum og ákærði Þorsteinn með 6.425 krónum. Sakarkostnaður að fjárhæð 421.563 krónur greiðist úr ríkissjóði.

Gunnar Aðalsteinsson

Arnfríður Einarsdóttir

Guðmundur L. Jóhannesson

Rétt endurrit staðfestir.

Skrifstofa Héraðsdóms Reykjaness 12. apríl 2006.